


Janúar 2018

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN  
ALMANNAVARNA

# Sóttvarnir alþjóðaflugvalla Landsáætlun



Ríkislögreglustjórnin

Sóttvarnalæknir

## Sóttvarnir alþjóðaflugvalla - Landsáætlun

3. útgáfa 2018

### Útgefandi:

Sóttvarnalæknir, Isavia og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

### Ritstjórn:

Friðfinnur Freyr Guðmundsson, Isavia

Halla Sigrún Sigurðardóttir, Samgöngustofu

Hjálmar Björgvinsson, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Íris Marelsdóttir, sóttvarnasviði Embættis landlæknis

### Útlit og umbrot:

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Viðbragðsáætlunin er aðeins gefin út á rafrænu formi.

Athugasemdir skal senda á netfangið [svl@landlaeknir.is](mailto:svl@landlaeknir.is)

og/eða [almannavarnir@logreglan.is](mailto:almannavarnir@logreglan.is)

# EFNISYFIRLIT

SKAMMSTAFANIR.....	5
ORÐSKÝRINGAR .....	7
<b>1.0 INNGANGUR .....</b>	<b>9</b>
<b>2.0 STAÐHÆTTIR OG MARKMIÐ .....</b>	<b>11</b>
2.1 INNLEIÐING ALPJÓÐAHEILBRIGÐISREGLUGERÐARINNAR (IHR).....	11
2.2 SÉRSTAKAR RÁÐSTAFANIR VEGNA SJÚKDÓMA SEM BERAST MEÐ SMITFERJUM (VIÐAUKI 5, IHR) .....	12
2.3 ÍSLENSKIR ALPJÓÐAFLUGVELLIR.....	12
<b>3.0 SKILGREININGAR (VIRKJUN OG HÁSKASTIG) .....</b>	<b>14</b>
3.1 VIRKJUN ÁÆTLUNARINNAR .....	14
3.2 FLOKKUN ALMANNAVARNASTIGA.....	18
<b>4.0 BOÐUN .....</b>	<b>19</b>
4.1 ÓVISSUSTIG.....	20
4.2 HÆTTUSTIG.....	21
4.3 NEYÐARSTIG.....	22
4.4 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR.....	23
4.5 AFBOÐUN RÁÐSTAFANA.....	23
<b>5.0 STJÓRNKERFI .....</b>	<b>24</b>
5.1 GRUNNEININGAR, HLUTVERK OG TENGINGAR STJÓRNKERFISINS .....	25
5.2 SAMHÆFINGARSTÖÐIN (SST) .....	28
5.3 AÐGERÐASTJÓRN (AST) .....	29
5.4 VERKÞÁTTASKIPURIT AÐGERÐASTJÓRNAR .....	30
5.5 VETTVANGSSTJÓRN.....	31
5.6 VERKÞÁTTASKIPURIT FYRIR VETTVANGSSTJÓRN .....	32
5.7 VERKÞÁTTASTJÓRAR.....	33
5.8 STJÓRNSKIPULAG VEGNA SÓTTVARNA .....	34
5.9 RANNSÓKN VEGNA ATVIKS .....	35
5.10 LOFTBRÚ .....	35
5.11 FJÖLMIDLAR.....	35
<b>6.0 STARFSSVÆÐI .....</b>	<b>37</b>
6.1 TALNING/SKRÁNING POLENDNA .....	37
6.2 STARFSSVÆÐI SAMKVÆMT SKIPULAGI ALMANNAVARNA .....	38
6.3 STARFSSVÆÐI INNAN AKUREYRARFLUGVALLAR (AEY) .....	39
6.4 STARFSSVÆÐI INNAN EGILSSTAÐARFLUGVALLAR (EGS) .....	40
6.5 STARFSSVÆÐI INNAN KEFLAVÍKURFLUGVALLAR (KEF) .....	41
6.6 STARFSSVÆÐI INNAN REYKJAVÍKURFLUGVALLAR (RKV) .....	42
<b>7.0 ÁHÆTTUMAT - LEIÐBEININGAR .....</b>	<b>43</b>
7.1 HLÍFÐARBÚNAÐUR Í UMSJÓN SÓTTVARNALÆKNIS.....	44
<b>8.0 VERKEFNI VIÐBRAGÐSAÐILA .....</b>	<b>45</b>
8.1 NEYÐARLÍNAN/112.....	46
8.2 ALMANNAVARNIR - SAMHÆFINGARSTÖÐIN .....	47
8.3 AST – AÐGERÐASTJÓRN UMDÆMIS .....	48
8.4 VST – VETTVANGSSTJÓRN .....	49
8.5 HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA - SÓTTVARNALÆKNIR .....	50
8.6 HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA - UMDÆMIS- OG SVÆÐISLÆKNAR SÓTTVARNA (UMD/SVÆ - SVL).....	52
8.7 HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA - VAKTHAFANDI LÆKNIR INNAN UMDÆMIS .....	53
8.8 HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA - SÉRHÆFD, LANDSPÍTALI .....	54
8.9 HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA - SÉRHÆFD, SJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI (SAK) .....	55
8.10 HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA - ALMENN, HEILBRIGÐISSTOFNANIR OG HEILSUGÆSLA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS .....	56
8.11 HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA - REKSTRARAÐILAR SJÚKRAFLUTNINGA.....	57
8.12 LÖGGÆSLA - RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN - ALMANNAVARNADEILD/SST.....	58

8.13	LÖGGÆSLA - RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN - FJARSKIPTAMIÐSTÖÐ.....	59
8.14	LÖGGÆSLA - RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN - KENNSLANEFND (ID-NEFND) .....	60
8.15	LÖGGÆSLA - RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN - SÉRSVEIT .....	61
8.16	LÖGGÆSLA - LÖGREGLUSTJÓRI/LÖGREGLA UMDÆMIS.....	62
8.17	LANDHELGISGÆSLAN - STJÓRNSTÖÐ.....	63
8.18	LANDHELGISGÆSLAN - FLUGDEILD .....	64
8.19	LANDHELGISGÆSLAN - VARÐSKIP.....	65
8.20	TOLLGÆSLA.....	66
8.21	SLÖKKVILIÐ - SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS, BRUNAVARNIR SUÐURNESJA, SLÖKKVILIÐIÐ Á AKUREYRI OG Á EGILSSTÖÐUM .....	67
8.22	FLUG - AFGREIÐSLUAÐILAR.....	68
8.23	FLUG - FLUGTURN .....	69
8.24	FLUG - FLUGSTJÓRNARMÍÐSTÖÐIN.....	70
8.25	FLUG - FLUGVERNDARSTARFSMENN .....	71
8.26	FLUG - FLUGVALLARÞJÓNUSTA .....	72
8.27	FLUG - FLUGREKENDUR .....	73
8.28	RAUÐI KROSSINN Á ÍSLANDI - NEYÐARMÍÐSTÖÐ.....	74
8.29	SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG - SVÆÐISSTJÓRNIR .....	75
8.30	SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG - LANDSSTJÓRN.....	76
8.31	BJÖRGUNARSVEITIR Á SVÆÐI 1, SVÆÐI 2, SVÆÐI 11 OG SVÆÐI 13 .....	77
8.32	FERÐAMÁLASTOFA .....	78
8.33	GEISLAVARNIR RÍKISINS.....	79
8.34	HEILBRIGÐISEFTIRLIT SVEITARFÉLAGA Í REYKJAVÍK, Á SUÐURNESJUM, Á NORÐURLANDI EYSTRA OG Á AUSTURLANDI.....	80
8.35	MATVÆLASTOFNUN (MAST) - VEGNA DÝRA UM BORIÐ Í LOFTFARI EÐA Á FLUGVELLI.....	81
8.36	MATVÆLASTOFNUN - VEIKINDI TALIN VERA VEGNA SÝKTRA MATVÆLA/NEYSLUVATNS .....	82
8.37	SAMGÖNGUSTOFA.....	83
8.38	SAMGÖNGUR - RANNSÓKNARNEFND SAMGÖNGUSLYSA (RNSA) .....	84
8.39	UMHVERFISSTOFNUN.....	85
<b>9.0</b>	<b>FJARSKIPTI/SAMSKIPTI .....</b>	<b>86</b>
9.1	GRUNNSKIPULAG FJARSKIPTA (TETRA) .....	86
<b>10.0</b>	<b>KORT.....</b>	<b>89</b>
<b>11.0</b>	<b>DREIFINGARLISTI .....</b>	<b>90</b>
<b>12.0</b>	<b>BREYTINGASAGA .....</b>	<b>91</b>
<b>13.0</b>	<b>VIÐAUKAR .....</b>	<b>92</b>
13.1	LÖG OG REGLUGERÐIR.....	92
13.2	FYRSTA UPPLÝSINGAÖFLUN OG ÁBENDINGAR UM FYRSTU VIÐBRÖGÐ.....	93
13.3	RAKNING SMITLEIÐA .....	94
13.4	BRÁÐAFLOKKUN OG ÁVERKAMAT.....	95

## Skammstafanir

<b>ATC</b>	Flugstjórnarmiðstöðin í Reykjavík ( <i>Air Traffic Control Center</i> )
<b>ACI</b>	Alþjóðasamtök flugvalla ( <i>Airport Council International</i> )
<b>AEY</b>	Flugvöllurinn á Akureyri
<b>AR</b>	Sýkingartíðni ( <i>Attack Rate</i> )
<b>AHS</b>	Aðhlyningarstjóri
<b>AST</b>	Aðgerðastjórn/-stjóri
<b>Avd-RLS</b>	Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra
<b>AVN/Av-nefnd</b>	Almannavarnanefnd
<b>BF</b>	Biðsvæði flutningstækja
<b>BH</b>	Biðsvæði hjálparliðs
<b>BTB</b>	Biðsvæði tækja og búnaðar
<b>CAPSCA</b>	( <i>Collaborative Arrangement for the Prevention and Management of Public Health Events in Civil Aviation</i> )
<b>CFR</b>	Dánarhlutfall sjúkdóms ( <i>Case Fatality Rate</i> )
<b>ECDC</b>	Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins ( <i>European Centre for Disease Prevention and Control</i> )
<b>EGS</b>	Flugvöllurinn á Egilsstöðum
<b>ETA</b>	Áætlaður komutími ( <i>Estimated Time of Arrival</i> )
<b>ETD</b>	Áætlaður brottfarartími ( <i>Estimated Time of Departure</i> )
<b>EU-HSC</b>	Nefnd um heilbrigðisöryggi á vegum Evrópusambandsins ( <i>Health Security Committee of EU</i> )
<b>EWRS</b>	Vöktunar- og viðbragðskerfi Evrópusambandsins ( <i>Early Warning and Response System</i> )
<b>FLE</b>	Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkflugvelli
<b>FMR</b>	Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra
<b>GR</b>	Geislavarnir ríkisins
<b>HBS</b>	Höfuðborgarsvæðið
<b>HES</b>	Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga
<b>HSA</b>	Heilbrigðisstofnun Austurlands
<b>HSN</b>	Heilbrigðisstofnun Norðurlands
<b>HSS</b>	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
<b>HSU</b>	Heilbrigðisstofnun Suðurlands
<b>HVE</b>	Heilbrigðisstofnun Vesturlands
<b>HVEST</b>	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða
<b>ICAO</b>	Alþjóðaflugmálastofnunin ( <i>International Civil Aviation Organization</i> )
<b>IGS</b>	Flugvallþjónusta Icelandair ( <i>Icelandair Ground Service</i> )
<b>IHR</b>	Alþjóðaheilbrigðisreglugerðin ( <i>International Health Regulations</i> )
<b>ID-nefnd</b>	Kennslanefnd RLS ( <i>Identification committee</i> )
<b>IL</b>	Innri lokun
<b>JRCC</b>	Stjórnstöð Landhelgisgæslunnar ( <i>Joint Rescue and Coordination Centre –Iceland</i> )
<b>KEF</b>	Flugvöllurinn í Keflavík

<b>LHG</b>	Landhelgisgæsla Íslands
<b>L og B</b>	Verkþátturinn Leit og björgun
<b>LSH</b>	Landspítali
<b>LP</b>	Lendingarsvæði fyrir þýrlur
<b>MAST</b>	Matvælastofnun
<b>MÓT</b>	Móttökustaður á vettvangi
<b>PHEIC</b>	Alþjóðleg lýðheilsuógn ( <i>Public Health Emergencies of International Concern</i> )
<b>R<sub>0</sub></b>	Smitstuðull ( <i>Basic Reproductive Rate/Transmission Rate</i> )
<b>RKÍ</b>	Rauði krossinn á Íslandi
<b>RKV</b>	Flugvöllurinn í Reykjavík
<b>RLS</b>	Embætti ríkislögreglustjóra
<b>RNSA</b>	Rannsóknarnefnd samgönguslysa
<b>S og F</b>	Verkþátturinn Sjúkra- og fjöldahjálp
<b>SAF</b>	Samtök ferðabjónustunnar
<b>SAK</b>	Sjúkrahúsið á Akureyri
<b>SGS</b>	Samgöngustofa
<b>SÁBF</b>	Stjórnun – Áætlun – Bjargir – Framkvæmd
<b>SHÍ</b>	Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi
<b>SHS</b>	Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
<b>SL</b>	Slysavarnafélagið Landsbjörg
<b>- SÓTT</b>	Mengaður vettvangur (eitur, smit, geislavirkni, óþekkt orsök)
<b>SSL</b>	Söfnunarsvæði látinna
<b>SSÚ</b>	Söfnunarsvæði útsettra. Í sóttvarnaáætlunum eru útsettir nefndir þolendur og söfnunarsvæði er skipt í þrjú vinnusvæði, það er vinnusvæði útsettra með einkenni og vinnusvæði útsettra án einkenna. Autt vinnusvæði er á milli þessara svæða til að hindra útbreiðslu
<b>SSUS</b>	Stjórnskipuð samstarfsnefnd um sóttvarnir
<b>SST/NCCC</b>	Samhæfingarstöðin, Skógarhlíð 14, Reykjavík/ <i>(National Crisis Coordination Centre)</i>
<b>SVL</b>	Sóttvarnalæknir
<b>Tetra</b>	Fjarskiptakerfi viðbragðsaðila
<b>Umd/svæ-SVL</b>	Umdæmis- eða svæðislæknir sóttvarna
<b>UST</b>	Umhverfisstofnun
<b>VEL</b>	Velferðarráðuneyti
<b>VHF</b>	<i>(Very High Frequency)</i>
<b>VST</b>	Vettvangsstjórn/-stjóri
<b>VPS</b>	Verkþáttastjórar
<b>YL</b>	Ytri lokun
<b>WHO</b>	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin ( <i>World Health Organization</i> )

## Orðskýringar

**Aðgerðastjórn (AST):** Undir stjórn lögreglustjóra starfar aðgerðastjórn að samræmingu innan umdæmis. Við ógn er varðar lýðheilsu tekur umdæmislæknir sóttvarna sæti í AST. AST er bakland vettvangsstjórnar.

**Afkviun (Quarantine):** Takmörkun á athafnafrelsi og/eða aðskilnaður grunsamlegra einstaklinga sem ekki eru veikir eða aðskilnaður grunsamlegs farangurs, farartækja, vara eða pósthöggla sem hafa orðið fyrir áhrifum frá öðrum eða öðru á þann hátt sem kemur í veg fyrir hugsanlega útbreiðslu sýkingar eða mengunar.

**Alþjóðaflugvöllur (International airport):** Flugvöllur, tilgreindur af aðildarríki sem flugvöllur tilheyrir sem komu- og brottfararflugvöllur í millilandaflugi, þar sem tilfallandi formsatriði er snúa að tollaafgreiðslu, innflutningi fólks, lýðheilsu, sóttkví dýra og jurta og þess háttar verkferlum eru afgreidd.

**Alþjóðleg lýðheilsuógn (PHEIC):** Bráð ógn við lýðheilsu sem varðar þjóðir heims (*Public Health Emergencies of International Concern*). Óvenjulegur atburður sem er skilgreindur samkvæmt IHR sem hætta fyrir lýðheilsu vegna útbreiðslu sjúkdóma á milli landa og sem atvik sem getur útheimt samstillt, alþjóðleg viðbrögð.

**Bjargir:** Bjargir eru mannskapur, búnaður og aðföng sem notuð eru í aðgerðum.

**Bráðamengun:** Mengun sem verður skyndilega og krefst tafarlausra aðgerða.

**Einangrun (Isolation):** Aðskilnaður einstaklinga, sem eru veikir eða hafa orðið fyrir mengun, einnig aðskilnaður farangurs, farartækja, vara eða pósthöggla sem hafa orðið fyrir áhrifum frá öðrum eða öðru þannig að koma megi í veg fyrir hugsanlega útbreiðslu sýkingar eða mengunar.

**Flugstjórnarmiðstöð Reykjavíkur:** Staðsett í Reykjavík. Þar fer fram stjórnun flugumferðar í aðflugs-svæði inn til Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar í innanlandssvæði og í úthafssvæði sem sameiginlega er kallað íslenska flugstjórnarsvæðið. Íslenska flugstjórnarsvæðið er um fimm og hálf milljón ferkílómetrar að stærð og er það eitt stærsta flugstjórnarsvæði heims. Svæðið nær frá Greenwich-lengdarbaugnum í austri og vestur fyrir Grænland, frá norðurlandnum og suður fyrir Færeyjar, langleiðina til Skotlands. Meginhlutverk Flugstjórnarmiðstöðvar Reykjavíkur er að veita öllu flugi innan íslenska flugstjórnarsvæðisins örugga, skilvirka og hagkvæma flugumferðar- og flugupplýsingaþjónustu.

**Flugturnar:** Flugleiðsöguvið veitir flugstjórnarþjónustu á Keflavíkur-, Reykjavíkur- og Akureyrarflugvelli. Á þessum flugvöllum starfa flugumferðarstjórnar sem eru starfsmenn flugleiðsöguviðs Isavia. Á öðrum áætlanarflugvöllum er veitt flugupplýsingaþjónusta og þar eru starfsmenn í flugturni sem tilheyra flugvalla- og mannvirkjasviði en ábyrgð þjónustunnar er hjá flugleiðsöguviði.

**Flugvirkt (Facilitation):** Samræmdar aðgerðir opinberra aðila og annarra sem koma að afgreiðslu eða þjónustu við flugför, farþega, farangur og farm á flugvöllum til þess að einfalda formsatriði og greiða fyrir afgreiðslu þeirra.

**Grundvallarsmitgát:** Grundvallarvarúð gegn sýkingum, óháð uppruna, sem felur í sér rof smitleiða (handhreinsun og notkun viðeigandi hlífðarbúnaðar eftir því hvaða smitleið er um að ræða). Nánari upplýsingar um smitgát má finna á [vef Embættis landlæknis](#).

**Lýðheilsuógn (Public health risk):** Líkur á atviki sem getur haft skaðleg áhrif á heilbrigði hópa fólks og er þar sérstaklega átt við sjúkdóm eða mengun sem gæti skapað alvarlega og beina hættu.

**Matarborinn sjúkdómur:** Er matareitrun eða matarsýking sem berst í fólk með matvælum þ.m.t. neysluvatni.

**Matareitrun:** Er sjúkdómur af völdum eitrefna frá bakteríum, sveppum, eitruðum þörungum, eða af völdum annarra efna sem geta valdið eitrun sem berst með matvælum.

**Matarsýking:** Er sjúkdómur af völdum baktería, veira eða snýkjudyra sem berst með matvælum.

**Meginreglur viðbúnaðar:** Almennt byggja viðbrögð á fjórum meginreglum. Þær eru grenndarreglan, samkvæmnisreglan, sviðsábyrgðarreglan og samhæfingarreglan. Kjarni þeirra er þessi: *Grenndarreglan* segir fyrir um að æskilegt er að áætlanagerð, forvarnir og viðbrögð séu að sem mestu leyti í höndum þeirra sem næst standa borgurunum, það er sveitarstjórnun og svæðisbundnum fulltrúum ríkisins. *Samkvæmnisreglan* segir að best sé að byggja viðbrögð við hvers kyns vá á þeirri reynslu sem skapast í daglegum störfum viðbragðsaðila og því stjórnskipulagi sem stuðst er við í daglegum störfum. *Sviðsábyrgðarreglan* segir fyrir um að ábyrgð aðila breytist ekki eftir umfangi atburða og nauðsynlegum viðbúnaði vegna þeirra. Hver sinnir sínu hvort sem um er að ræða dagleg verkefni eða almannavarnaástand. *Samhæfingarreglan* segir til um að allir hafi skyldu til að vinna saman og samhæfa störf sín í víðum skilningi.

**Opinberar sóttvarnaráðstafanir:** Takmarkanir á ferðafrelsi, einangrun smitaðra, sóttþreinsun, sóttkví eða samkomubann.

**Samhæfingarstöðin (SST):** Stjórnstöð í Skógarhlíð 14, Reykjavík. Samræmir aðgerðir á landsvísu og er tengiliður við stofnanir utan umdæmis, stjórnvöld og erlenda aðstoð. Stöðin er einnig bakland aðgerðastjórnar innan lögreglu-/sóttvarnaumdæmis.

**Smitferja (Vector):** Skordýr eða annað dýr sem að jafnaði ber með sér sýkil sem getur skapað hættu fyrir lýðheilsu.

**Smitgeymir (Reservoir):** Dýr, planta eða efni þar sem sýkill sem getur ógnað lýðheilsu hefst við að öllu jöfnu.

**Sóttþreinsun (Disinfection):** Ferli þar sem gerðar eru heilbrigðisráðstafanir til að halda sýklum á líkama manna eða dýra eða í farangri, farmi, gámum, farartækjum, vörum og pósthöggjum í skefjum eða eyða þeim með efnafræðilegum eða eðlisfræðilegum aðferðum.

**Skordýraeyðing (Disinsection):** Ferli þar sem gerðar eru heilbrigðisráðstafanir til að halda í skefjum, eða eyða skordýrum sem hafast við í farangri, farmi, gámum, farartækjum, vörum og pósthöggjum og eru smitferjur fyrir sjúkdóma sem leggjast á menn.

**Skráningarskyldir sjúkdómar:** Með skráningarskyldu er átt við skyldu heilbrigðisstarfsmanna til að senda sóttvarnalækni ópersónugreinanlegar upplýsingar um sjúkdómstilvik sem talin eru upp í reglugerð um skýrslugerð vegna sóttvarna nr. 221/2012.

**Tilkynningarskyldir sjúkdómar:** Þeir sjúkdómar, sjúkdómsvaldar og atburðir sem sóttvarnalög fjalla um eru skráningarskyldir og geti þeir ógnað almannaheill eru þeir jafnframt tilkynningarskyldir. Með tilkynningarskyldu er átt við þá skyldu að senda sóttvarnalækni persónugreinanlegar upplýsingar um sjúkdómstilvik sem talin eru upp í reglugerð um skýrslugerð vegna sóttvarna nr. 221/2012.

**Vettvangsstjórn (VST):** Er stjórn að vettvangsstjóra skipuðum af AST. VST stýrir úrlausnum á vettvangi með það að markmiði að koma á venjubundu ástandi. Verkbáttastjórnar heyra undir VST.



## 1.0 Inngangur

Sóttvarnaáætlun alþjóðaflugvalla styðst við Alþjóðaheilbrigðisreglugerðina (IHR-2005), lög um almannavarnir nr. 82/2008, sóttvarnalög nr. 19/1997, auk annarra laga og reglugerða sem nefnd eru í viðauka 1 áætlunarinnar. Einnig styðst áætlunin við viðauka 9 - flugvirkt, Alþjóðaflugmálastofnunar (ICAO) (*International Standards and Recommended Practise/2015*) og leiðbeiningar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) er varða almennan neyðarviðbúnað (*A Strategic Framework for Emergency Preparedness/2017*). Viðbragðsáætluninni er ætlað að segja fyrir um skipulag og stjórn aðgerða í sóttvarnaaðgerðum þegar grunur vaknar um lýðheilsuógn um borð í loftfari eða á flugvelli. Áætlunin nær til allra alþjóðaflugvalla Íslands, það er Keflavíkurlugvallar, Reykjavíkurlugvallar, Akureyrarflugvallar og Egilsstaðaflugvallar og hefur áætlunin verið aðlöguð að hverjum flugvelli. Einnig nær áætlunin til loftfara á flugi innan flugrýmis Íslands.

Mikilvægt er að aðgerðir sem grípa þarf til, valdi ekki ónauðsynlegri röskun á umferð og viðskiptum.

Áætlunin segir einnig fyrir um dreifingu á neyðarbúnaði þeim sem er í umsjón sóttvarnalæknis.

Markmið og gildissvið IHR-2005 sem staðfest var hér á landi árið 2007 er að koma í veg fyrir eða tefja útbreiðslu sjúkdóma milli landa. Sóttvarnalæknir er lögum samkvæmt landstengiliður fyrir IHR og stýrir verkefnavinnu vegna innleiðingar reglugerðarinnar en mörg stjórnvöld koma að mismunandi þáttum málsins.

Undirritaðir aðilar vinna saman að uppfærslum og lagfæringum áætlunarinnar og liggur frumeintak skjalsins hjá ritstjóra þess. Áætlunin skal endurskoðuð á tveggja ára fresti, næst árið 2020.

Boðunarlistar vegna áætlunarinnar eru varðveittir hjá Neyðarlínunni og skal uppfæra þá eins oft og þörf krefur og að minnsta kosti árlega.

Ekki er um endanleg fyrirmæli að ræða og geta hlutaðeigandi umdæmislæknir sóttvarna og lögreglustjóri umdæmis í samvinnu við flugvallarstjóra, sóttvarnalækni og ríkislögreglustjóra ákveðið breytta starfstilhögun með tilliti til ástands og aðstæðna hverju sinni.

Umdæmislæknar sóttvarna og lögreglustjórar hlutaðeigandi umdæmis bera ábyrgð á virkjun áætlunarinnar að fullu eða að hluta í samvinnu við sóttvarnalækni og ríkislögreglustjóra. Einnig hafa sóttvarnalæknir og ríkislögreglustjóri fulla heimild til virkjunar og á það sérstakleg við um atvik þar sem loftfar er enn á flugi. Allir þeir sem hlutverk hafa samkvæmt 8. kafla þessarar áætlunar geta komið á framfæri ósk um virkjun áætlunarinnar.

Aðdragandi virkjunar, virkjun áætlunar, boðleiðir og samskipti skulu æfð að minnsta kosti á fimm ára fresti. Einstakir verkþættir áætlunarinnar skulu æfðir eins og þurfa þykir.

Áætlunin er vistuð á vef almannavarna, [www.almannavarnir.is](http://www.almannavarnir.is), vef Isavia, [www.isavia.is](http://www.isavia.is) og vef Embættis landlæknis, [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is).

Áætlun þessi tekur þegar gildi.

Reykjavík, janúar 2018



---

Þórólfur Guðnason  
Sóttvarnalæknir



---

Haraldur Johannessen  
Ríkislögreglustjóri



## 2.0 Staðhættir og markmið

### Markmið viðbragðsáætlunar sóttvarna fyrir alþjóðaflugvelli Íslands eru eftirfarandi:

- Að tryggja skipulögð viðbrögð allra hlutaðeigandi aðila þegar loftfar lendir með veikan farþega sem talinn er vera smitandi eða farþegi veikist í flugstöð eða atvik verður í flugstöð sem getur haft heilsufarslegar afleiðingar.
- Að lágmarka eða fyrirbyggja, ef þess er kostur, áhrif smits/mengunar/geislavirkni/óvæntra atburða og vernda lýðheilsu og umhverfi.
- Að tryggja óskerta þjónustu til allra hlutaðeigandi.
- Að innleiða ákvæði IHR og tryggja upplýsingamiðlun/samstarf innanlands og yfir landamæri.

### 2.1 Innleiðing alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar (IHR)

Allt frá miðri 19. öld hafa verið gerðir milliríkjasamningar um aðgerðir til að stemma stigu við að smitandi sjúkdómar berist milli landa. Eftir stofnun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) árið 1948 var samþykkt alþjóðaheilbrigðisreglugerð (IHR) sem hefur verið aukin og bætt nokkrum sinnum. Árið 2005 kom út ný og gerbreytt alþjóðaheilbrigðisreglugerð sem tók gildi hér á landi árið 2007. Þessi nýja reglugerð (IHR) er í takt við nýja tíma því hin gríðarlega aukning sem orðið hefur í ferðalögum fólks á milli landa og aukning á verslun og milliríkjavíðskiptum eykur hættu á að sjúkdómar og heilbrigðisógnir geti á stuttum tíma borist heimshorna á milli. IHR er bindandi alþjóðasamningur á milli allra aðildarþjóða WHO og gildir ekki einvörðu um sérstaka smitsjúkdóma heldur einnig um hvers kyns heilbrigðisógnir t.d. af völdum eiturefna eða geislavirkni. Reglugerðin kveður m.a. á um að aðildarþjóðum beri að hafa gott eftirlit með útbreiðslu sjúkdóma og annarra heilsufarsógnna og að lands-tengiliður skuli tilkynna um hvert tilfelli tiltekinna sjúkdóma og óvænt atvik sem eru eða geta orðið heilbrigðisógnir. Einnig fjallar reglugerðin um skylduna til að efla viðbragðsgetu og kveður á um kröfur um grunnviðbúnað fyrir flugvelli sem á alltaf að vera fyrir hendi.

Alþjóðastofnanir s.s. ICAO, CAPSCA og ACI hafa hvatt til þess að flugvellir efli viðbragðsgetu sína gegn smitandi sjúkdómum með því að semja viðbragðsáætlanir og æfa þær. Reynsla þeirra flugvalla sem þegar hafa gert viðbragðsáætlanir og æft þær hefur sýnt að veigamesti þátturinn í viðbrögðum við smitandi tilfelli í loftfari eða flugstöð eða annarri óvæntri upptákmu er upplýsingamiðlun til farþega, fjölmiðla, aðstandenda og starfsmanna sem koma að slíku tilfelli. Því er mikilvægt að til séu handbærar upplýsingar um smitsjúkdóma sem líklegt er að geti komið upp í flugi til að flýta fyrir upplýsingamiðlun þegar upp koma sóttvarnatilvik í flugi eða á alþjóðaflugvöllum.

### Kröfurnar segja til um að alþjóðaflugvellir samningsríkja:

- Skuli ávallt geta veitt aðgang að viðeigandi lækniþjónustu hvað varðar staðsetningu, búnað og starfsmenn.
- Skuli ávallt hafa aðgang að farartækjum og fólki til að flytja veika farþega/áhafnir til viðeigandi heilbrigðisaðstöðu.
- Hafi ávallt þjálfað starfsfólk til að skoða og meta aðstæður.
- Geti ávallt boðið upp á tryggt umhverfi fyrir þolendur, það er aðgang að drykkjarvatni, matstofu, hreinlætisaðstöðu og förgun sorps.
- Hafi ávallt aðgang að þjálfuðu starfsfólki sem geti haldið smitferjum og smitgeymum í skefjum.
- Skrái og viðhaldi viðbragðsáætlun flugvalla þar sem helstu samstarfsaðilar eru tilgreindir.

- Hafi gilda samninga sem tryggja skoðun, umönnun og afkvíun útsettra ferðamanna/áhafna eða dýra og veita aðra þjónustu sem þörf er fyrir.
- Hafi til staðar rými sem er aðskilið frá öðrum fyrir viðtöl við útsetta ferðamenn/áhafnir.
- Geti kallað eftir áhættumati og geti afkvíað útsetta ferðamenn/áhafnir ef þörf er talin þar á.
- Geti beitt ráðstöfunum, svo sem skordýraeyðingu, meindýraeyðingu, sóttthreinsun vegna bráðamengunar og meðhöndlunar farangurs, gáma, farartækja, vara og pósthöggla eftir því sem við á.
- Geti haft komu- og brottfarareftirlit með ferðamönnum/áhöfnum.
- Hafi aðgang að sérhæfðum búnaði og þjálfuðu starfsfólki sem hefur yfir að ráða viðeigandi hlífðarbúnaði til að flytja og annast útsetta ferðamenn/áhafnir.

**Mikilvægt er að aðgerðir sem grípa þarf til, valdi ekki ónauðsynlegri röskun á umferð og viðskiptum.**

## 2.2 Sérstakar ráðstafanir vegna sjúkdóma sem berast með smitferjum (viðauki 5, IHR)

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) skal birta reglulega skrá yfir þau svæði í heiminum þar sem mælt er með því að skordýrum eða smitferjum sem berast frá þessum svæðum sé eytt eða aðrar ráðstafanir gerðar. Tilvist smitferja og ráðstafanir sem gerðar eru til að eyða þeim skulu tilgreindar á sóttvarnavottorði skips. Samningsríkin skulu gera sóttvarnaáætlanir gegn smitferjum sem borið geta með sér sýkil sem skapar hættu fyrir lýðheilsuna. Litið skal á farartæki sem grunsamlegt ef:

- Einhver um borð er hugsanlega með sjúkdóm sem berst með smitferjum.
- Komið hefur upp hugsanlegt tilfelli sjúkdóms sem berst með smitferjum, um borð í loftfari í millilandaferð eða tíminn frá því loftfar fór í loftið frá smitsvæði er það stuttur að smitferjur um borð gætu enn borið með sér sjúkdóm.

## 2.3 Íslenskir alþjóðaflugvellir

Áætlunin nær til allra alþjóðaflugvalla Íslands, það er **Keflavíkurflugvallar, Reykjavíkflugvallar, Akureyrarflugvallar og Egilsstaðaflugvallar** og hefur áætlunin verið aðlöguð að hverjum flugvelli, þannig að starfssvæði í kafla 6 eru skráð fyrir hvern flugvöll og einnig eru gátlistar í kafla 8 aðlagaðir að viðbragðsaðilum hvers flugvallar. Í töflum 2.1 og 2.2. á bls. 12 má finna frekari upplýsingar um staðsetningu flugvalla með tilliti til lögregluumdæma og sóttvarnasvæða.

Áætlunin nær einnig til loftfara á flugi innan loftrýmis Íslands.

Flugvöllur	Lögregluumdæmi og aðsetur lögreglustjóra	Sóttvarnaumdæmi og aðsetur umd/svæ -SVL	Heilbrigðiseftirlits-svæði
Keflavík (KEF)	Lögreglustjórinn á Suðurnesjum <b>Aðsetur:</b> Reykjanesbær	Suðurnes <b>Aðsetur:</b> Grindavík	Suðurnes (HES)
Reykjavík (RKV)	Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu <b>Aðsetur:</b> Reykjavík	Höfuðborgarsvæðið <b>Aðsetur:</b> Reykjavík	Reykjavík (HER)
Akureyri (AEY)	Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra <b>Aðsetur:</b> Akureyri	Norðurland <b>Aðsetur:</b> Akureyri	Noðurland eystra (HNE)
Egilsstaðir (EGS)	Lögreglustjórinn á Austurlandi <b>Aðsetur:</b> Eskifjörður	Austurland <b>Aðsetur:</b> Egilsstaðir	Austurland (HAUST)

Tafla 2.1. Alþjóðaflugvellir með tilliti til heilbrigðiseftirlitssvæða og sóttvarna- og lögregluumdæma

Sóttvarnaumdæmi eða -svæði	Umdæmis- og svæðislæknar	Aðsetur	Vinnustaður
Austurland <a href="mailto:sottvarnir@hsa.is">sottvarnir@hsa.is</a>	Umdæmislæknir	Heilsugæslan Egilsstöðum	Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA)
	Svæðislæknir	Heilsugæslan Seyðisfirði	
Höfuðborgarsvæðið	Umdæmislæknir	Heilsugæslan Árbæ	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðis
	Svæðislæknir	Heilsugæslan Garðabæ	
Norðurland	Umdæmislæknir	HSN Sauðárkrókur	Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN)
	Svæðislæknir	HSN Akureyri	
	Svæðislæknir	HSN Húsavík	
Suðurland <a href="mailto:sottvarnir@hsu.is">sottvarnir@hsu.is</a>	Umdæmislæknir	Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja	Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU)
	Svæðislæknir	Heilsugæslan Hveragerði	
	Svæðislæknir	Heilbrigðisstofnun Selfossi	
	Svæðislæknir	Heilsugæslan Hellu/Hvolsvelli	
Suðurnes	Svæðislæknir	Heilsugæslan Höfn	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS)
	Umdæmislæknir	Heilsugæslan Grindavík	
Vestfirðir	Umdæmislæknir	HVEST Ísafirði	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða (HVEST)
Vesturland <a href="mailto:sottvarnir@hve.is">sottvarnir@hve.is</a>	Umdæmislæknir	HVE Akranesi	Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE)
	Svæðislæknir	HVE Borgarnesi	
	Svæðislæknir	HVE Búðardal	
	Svæðislæknir	HVE Hvammstanga	

Tafla 2.2. Umdæmis- og svæðislæknar sóttvarna, aðsetur og netfang

## 3.0 Skilgreiningar (virkjun og háskastig)

Hér er fjallað um aðdraganda virkjunar á mismunandi háskastigum almannavarna. Áður en til virkjunar kemur þarf að kanna uppruna atviks og hugsanlegar afleiðingar. Gera þarf fyrsta áhættumat, sjá töflu 3.1 og meta hvort atvik geti verið ógn við lýðheilsu:

### Nánar:

- Atvikið er af völdum baktería, veira, smitsjúkdóma eða annarra smitefna.
- Atvikið er af völdum eiturefna.
- Atvikið er af völdum geislavirkra efna.
- Atvikið er af óþekktum orsökum og fellur ekki undir ofantaldar skilgreiningar.

## 3.1 Virkjun áætlunarinnar

**Flugvöllur/flugstöð:** Við bráðaveikindi eða annað bráðatilfelli sem vekur grun um lýðheilsuógn í flugstöð/á flugvelli skal hafa samband við 112 og óska eftir vakthafandi lækni sem fer á staðinn og framkvæmir fyrsta áhættumat. Hann hefur samráð við umdæmis- og svæðislækni sóttvarna. Niðurstaða fyrsta áhættumats gefur vísbendingu um þörf fyrir virkjun áætlunar og umdæmis- eða svæðislæknir sóttvarna virkjar þessa áætlun í samráði við SVL og lögreglustjóra umdæmis. Sjá töflu 13.1 í viðauka um fyrstu viðbrögð, töflu 3.1 er varðar áhættumat og mynd 3.1. er varðar verkferilinn. Neyðarlínan boðar samkvæmt lista í 4. kafla þessarar áætlunar.

Ef ekki er um bráðatilfelli að ræða skal hafa beint samband við umdæmis- eða svæðislækni sóttvarna eða SVL í síma 510-1933, netfang: [svl@landlaeknir.is](mailto:svl@landlaeknir.is)

**Lofftar á flugi:** Ef tilkynning berst frá loftfari á flugi að atvik um borð geti verið ógn við heilsu manna, skal Flugstjórnarmiðstöð Reykjavíkur/flugturn hafa tafarlaust samband við SVL í síma 510-1933. SVL virkjar áætlunina eftir atvikum í samráði við avd-RLS/LHG/Isavia og hlutaðeigandi umdæmislækni sóttvarna og lögreglustjóra (ef loftfari er vísað til flugvallar innan íslenskrar lögsögu). Neyðarlínan boðar samkvæmt lista í 4. kafla þessarar áætlunar.

**Að lokinni virkjun:** Þegar áætlunin hefur verið virkjuð tekur AST við stjórn aðgerða. AST metur hvort þörf er á að boða fleiri aðila til starfa í samráði við SST. LHG stýrir aðgerðum innan loftrýmis Íslands.

Aðgerðastjóri/stjórnandi SST tilkynnir breytingar á almannavarnastigi til Neyðarlínunnar og til viðbragðsaðila í gegnum Tetra.


Tilkynningarskylda **vegna virkjunar:** SVL metur hvort tilkynna þurfi atvik til ráðherra og til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO).

Atvik	Spurningar er varða lýsingu, áhættumat og viðbrögð	Upplýsingaveitur
<p>Lýsing á atviki.</p> <p>Uppruni og afleiðingar.</p> <p>Áhrif talin lítil, miðlungs eða mikil.</p> <p>Niðurstaða áhættumats segir til um virkjun áætlunar og almannavarnastig (óvissu-, hættu- eða neyðarstig).</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Hvenær varð vart við atvik?</li> <li>- Er vitað hvenær atvik hófst?</li> <li>- Hvert er eðli atviks, smitefni, eiturefni, geislar eða ekki vitað?</li> <li>- Er atvikið þekkt eða óvenjulegt?</li> <li>- Hver er fjöldi þolenda?</li> <li>- Hversu margir eru með einkenni/hlutfall farþega og áhafnar?</li> <li>- Eru mannslíf í hættu? Hefur orðið dauðsfall vegna atviks?</li> <li>- Er til meðferð?</li> <li>- Stærð vettvangs, einstakar vistarverur, allt loftfar eða hlutar þess?</li> <li>- Getur mengun dreift yfir stórt svæði - mikil útbreiðsla?</li> <li>- Er þéttbýli í nágrenni vettvangs?</li> <li>- Við mengun, hver er alvarleiki veikinda af völdum mengunar?</li> <li>- Við smitefni, hver er smitstuðullinn og alvarleiki sýkingarinnar?</li> <li>- Eru áhættuhópar þekktir, t.d. börn, aldraðir?</li> <li>- Geta utanaðakomandi þættir haft áhrif, t.d. veðurfar?</li> <li>- Er þróun atviks alvarlegra en búast má við?</li> <li>- Eru til upplýsingar um svipað atvik á öðrum vettvangi?</li> </ul>	<p><b>Heimildir:</b></p> <p>Flugstjóri</p> <p>Flugrekendur</p> <p>Starfsmenn Isavia</p> <p>Heilbrigðiseftirlit</p> <p>Heilbrigðisstarfsmenn</p> <p>Neyðarlínan</p> <p>Almannavarnir</p> <p>Erlendir samstarfsaðilar s.s. ECDC, EWRS.</p>
Fyrstu viðbrögð.	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Er heilbrigðisþjónusta um borð, s.s. læknir eða heilbrigðismenntað starfsfólk?</li> <li>- Hefur áhöfn fengið leiðbeiningar frá heilbrigðisráðgjafa flugrekenda?</li> <li>- Er aðstaða fyrir heilbrigðisþjónustu á flugvelli?</li> <li>- Hafa fyrstu ráðstafanir þegar verið gerðar á flugvelli eða í loftfar?</li> <li>- Þarf að auka viðbrögð án tafar?</li> <li>- Hvaða viðbragðsaðila þarf að boða?</li> <li>- Þarf að undirbúa sýnatöku frá fólki eða umhverfi?</li> <li>- Þarf að efla vöktun?</li> <li>- Þarf að undirbúa afkvíun/einangrun?</li> <li>- Þarf að undirbúa samráðsfund viðbragðsaðila?</li> </ul>	<p><b>Heimildir:</b></p> <p>Kallað eftir upplýsingum fyrir áhættumat frá áhöfn/flugvallarstarfsmönnum.</p>
Skilgreina eðli atviks.	<ul style="list-style-type: none"> <li>- <i>Við smitefni:</i> Alvarleiki, smitleið og smitstuðull, meðgöngutími, meðferð, faraldsfræðileg staða?</li> <li>- <i>Við smitferju:</i> Uppruni, smitleiðir, áhrif á heilsu, magn.</li> <li>- <i>Við eiturefni/geislavirk efni:</i> Alvarleiki, möguleikar á dreifingu meðferð, móteitur, eiturvirkni, hvarfgirni, magn?</li> <li>- <i>Áhrif á lýðheilsu og umhverfi:</i> Möguleg dreifing yfir landamæri?</li> <li>- Er atvikið óvanalegt eða óvænt sem krefst aukinnar árvekni?</li> </ul>	<p><b>Heimildir</b></p> <p>IHR – Viðauki 1</p> <p>IHR – Viðauki 2</p> <p>Leiðbeiningar WHO um notkun IHR – Viðauki 2.</p>
<p>Fyrsta áhættumat.</p> <p>Er áhætta fyrir lýðheilsu lítil, miðlungs eða mikil? Miðlungs- og mikil áhætta kallar á virkjun áætlunar.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Meta þarf alvarleika atviks - lítil, miðlungs eða mikil.</li> <li>- Er hægt að draga úr áhrifum þess?</li> <li>- Getur heilsuváin náð til margra einstaklinga - valdið hrinu eða faraldri?</li> <li>- Getur heilsuváin náð útbreiðslu á landi eða yfir landamæri?</li> <li>- Eru vísbendingar um að smitefnið, smitferjan eða smitgeymirinn geti borist yfir landamæri? Getur umhverfismengun farið yfir landamæri?</li> <li>- Er hægt að afmenga vettvanginn?</li> <li>- Hefur atvikið áhrif á millilandaflug?</li> </ul>	<p><b>Heimildir</b></p> <p>IHR – viðauki 1.</p> <p>IHR – Viðauki 2.</p> <p>Leiðbeiningar WHO um notkun IHR – Viðauki 2.</p>
<p>Er hægt að hafa hemil á útbreiðslu áhrifa?</p> <p>Geta áhrifin teygst sig yfir landamæri og valdið alþjóðlegri lýðheilsuógn?</p> <p>Ef svarið er „já“ þá þarf að tilkynna atvikið til WHO.</p>	<ol style="list-style-type: none"> <li>I. Varðandi sýkla þarf að taka tillit til smitdreifingar og smitstuðuls (<math>R_0</math>).</li> <li>II. Varðandi smitferjugeyma (<i>vectors harbourage</i>) þarf að skoða hvort þeir geta dreift sér um borð í loftfar eða innan alþjóðaflugvallar og hvort þeir geta tekið sér bólfestu um borð í loftfar eða innan vallar.</li> <li>III. Varðandi eiturefni og geislavirk efni þarf að taka tillit til þess hvort hægt er að hafa hemil á losuninni, losunarmagni afgangsefna, losunarleiðum og mögulegri mengun sem kann að hafa áhrif á aðliggjandi svæði.</li> <li>IV. Hvaða umhverfisáhrif?</li> </ol>	<p><b>Heimildir:</b></p> <p>IHR – Viðauki 1</p> <p>IHR – Viðauki 2</p> <p>Leiðbeiningar WHO um notkun IHR – Viðauki 2</p>

Tafla 3.1. Áhættumat vegna atviks um borð í loftfari eða innan alþjóðaflugvallar




**Grunur um um alvarlegan smitsjúkdóm eða annað bráðatilfelli sem ógnar lýðheilsu í flugstöð alþjóðaflugvallar. (AEY, EGS, KEF, RKV)**



Mynd 3.1. Virkjun viðbragðsáætlunar sóttvarna fyrir flugvelli





Mynd 3.2. Virkjun viðbragðsáætlunar sóttvarna fyrir loftfar

## 3.2 Flokkun almannavarnastiga

Almannavarnastig eru flokkuð eftir alvarleika, umfangi viðbúnaðar og þörf á forgangshraða viðbragðsaðila samkvæmt reglugerð nr. 650/2009.

Stig alvarleika eru **óvissustig, hættustig og neyðarstig**.

Áætlunin tekur mið af þessum stigum og stig er tilgreint við virkjun samkvæmt niðurstöðu fyrsta áhættumats um alvarleika atviks.

### ÓVISSUSTIG

Grunur um smit/eitrun/geislavirkni/óþekkt atvik sem ógnar lýðheilsu um borð í loftfari eða innan alþjóðflugallar og sóttvarnayfirvöld meta þörf á að hefja undirbúning að viðbúnaði samkvæmt ráðleggingum WHO.

**Viðbrögð:** Tilteknir aðilar, sem skilgreindir eru í boðunargrunni Neyðarlínunnar 112 (sjá kafla 4), sinna verkskyldum samkvæmt áætlun þessari (sjá kafla 8).

**Aukið samráð, upplýsingaöflun, miðlun upplýsinga, áhættumat í stöðugri endurskoðun.**

### HÆTTUSTIG

Líklega er smit/eitrun/geislavirkni/óþekkt atvik sem ógnar lýðheilsu um borð í loftfari eða innan alþjóðflugvallar sóttvarnayfirvöld meta þörf á tafarlausum undirbúningi að viðbúnaði samkvæmt ráðleggingum WHO.

**Viðbrögð:** Tilteknir aðilar, sem skilgreindir eru í boðunargrunni Neyðarlínunnar 112 (sjá kafla 4), sinna verkskyldum samkvæmt áætlun þessari (sjá kafla 8). Virkjun AST og SST.

**Aukið samráð, upplýsingaöflun, miðlun upplýsinga, áhættumat í stöðugri endurskoðun.**

### NEYÐARSTIG

Sterkar vísbendingar eða staðfesting er fyrir því að smit/eitrun/geislavirkni/óþekkt atvik sem ógnar lýðheilsu sé að finna um borð í loftfari eða innan alþjóðflugvallar og sóttvarnayfirvöld meta þörf á að hefja tafarlaus viðbrögð samkvæmt ráðleggingum WHO.

**Viðbrögð:** Tilteknir aðilar sem skilgreindir eru í boðunargrunni Neyðarlínunnar 112 (sjá kafla 4), sinna verkskyldum samkvæmt áætlun þessari (sjá kafla 8). Virkjun AST og SST.

**Aukið samráð, upplýsingaöflun, miðlun upplýsinga, áhættumat í stöðugri endurskoðun.**

## 4.0 Boðun

1. Ef tilkynning um atvik sem getur ógnað lýðheilsu berst flugstjórnarmiðstöð frá loftfari í lögsögu Íslands þá hefur Stjórnstöðin samband við SVL í síma 510-1933 sem virkjar áætlun ef þörf er talin þar á samkvæmt fyrsta áhættumati (mynd 7.1 og tafla 3.1) og að höfðu samráði við Isavia og avd-RLS. Frekari virkjun/boðun byggir á niðurstöðu áhættumats sem er í sífelldri endurskoðun, sjá mynd 3.1.
2. Ef um er að ræða atvik innan flugvallar þá kallar flugvallarstjóri eða fulltrúi hans eftir aðstoð vakthafandi lækni og/eða umdæmis- og svæðislækni sóttvarna með aðstoð 112 og lögreglustjóra umdæmis (tímamörk). Umdæmis- eða svæðislæknir sóttvarna virkjar áætlun í samráði við Isavia, lögreglustjóra og SVL (sími 510-1933) ef þörf er talin þar á samkvæmt fyrsta áhættumati (mynd 7.1 og tafla 3.1). Frekari virkjun/boðun byggir á niðurstöðu áhættumats sem er í sífelldri endurskoðun, sjá töflu 3.1.
3. Neyðarlínan/FMR skal tryggja boðun með SMS til hlutaðeigandi viðbragðsaðila samkvæmt boðunarlista í þessari áætlun. Einnig skal Neyðarlínan/FMR koma upplýsingum til Bjarga á leið á vettvang á TETRA talhópi **Blár X – 0 og öðrum viðeigandi fjarskiptum**.

## 4.1 Óvissustig

Neyðarlína 112 boðar:

ÓVISSUSTIG – loftfar – flugvöllur – grunur um lýðheilsuógn – staðsetning

Aðilar boðaðir samkvæmt upplýsingum úr bjargargrunni 112

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra - bakvakt
AST umdæmisins (lögreglustjóri)
Brunavarnir hlutaðeigandi flugvallar
Flugturn/flugstjórn hlutaðeigandi flugvallar
Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra
Flugstjórnarmiðstöðin í Reykjavík (ACC)
Flugvallarþjónusta hlutaðeigandi flugvallar
Flugverndarstarfsmenn hlutaðeigandi flugvallar
Heilbrigðisstofnun innan heilbrigðisumdæmis - vakthafandi lækni
Landspítali - vakthafandi smitsjúkdómalækni
Landsstjórn björgunarsveita - bakvakt
LHG - stjórnstöð/JRCC
Lögregla hlutaðeigandi flugvallar
Sjúkraflutningar í umdæmi hlutaðeigandi flugvallar
Sóttvarnalækni
Tollgæsla hlutaðeigandi flugvallar
Umdæmis- eða svæðislækni sóttvarna (umd/svæ-SVL) fyrir hlutaðeigandi alþjóðaflugvöll

- Sóttvarnalækni upplýsir fulltrúa annarra heilbrigðisstofnana sem þurfa þykir, heilbrigðiseftirlit svæðisins, Landspítala og Sjúkrahúsið á Akureyri.
- Avd-RLS upplýsir lögreglustjóra, Samgöngustofu og fulltrúa annarra stofnana sem þurfa þykir. Einnig Geislavarnir ríkisins.
- Isavia upplýsir flugrekendur og helstu samstarfsaðila.

## 4.2 Hættustig

Neyðarlína 112 boðar:

**HÆTTUSTIG – loftfarar og alþjóðaflugvellir – líkleg heilsufarsógn – staðsetning**

**Aðilar boðaðir samkvæmt upplýsingum úr bjargargrunni 112**

Avd-RLS - bakvakt
AST umdæmisins (lögreglustjóri)
Brunavarnir hlutaðeigandi flugvallar
Flugturn/flugstjórnarmiðstöð hlutaðeigandi flugvallar
Flugvallarþjónusta hlutaðeigandi flugvallar
Flugverndarþjónusta hlutaðeigandi flugvallar
Heilbrigðisstofnun umdæmis - viðbragðsstjórn
Landsstjórn björgunarsveita - bakvakt
Landspítali - vakthafandi smitsjúkdómalæknir
Landspítali - bráðasvið, stjórnendur
Lögregla hlutaðeigandi flugvallar
LHG - stjórnstöð/JRCC
LHG - loftfar, þyrlur, varðskip, skýli 831 á KEF
RKÍ - neyðarmiðstöð
RNSA - flugslys
Ríkislögreglustjórinn - kennslanefnd ID nefnd
Ríkislögreglustjórinn - fjarskiptamiðstöð
Samgöngustofa - flugslys
Sjúkraflutningar í umdæmi hlutaðeigandi flugvallar
Sóttvarnalæknir
SST
Umdæmis- og svæðislæknir sóttvarna (umd/svæ-SVL) hlutaðeigandi flugvallar
Tollgæslan hlutaðeigandi flugvallar
Umhverfisstofnun - útkallshópur

- **SST sér um að boða aðra aðila eftir þörfum hverju sinni í samstarfi við AST**

### 4.3 Neyðarstig

Neyðarlína 112 boðar:

**NEYÐARSTIG – loftfarar og alþjóðaflugvellir – staðfest heilsufarsógn – staðsetning**

**Aðilar boðaðir samkvæmt upplýsingum úr bjargargrunni 112**

Avd-RLS - bakvakt
AST umdæmisins (lögreglustjóri)
Brunavarnir hlutaðeigandi flugvallar
Flugstjórnarmiðstöð hlutaðeigandi flugvallar
Flugvallarþjónustan hlutaðeigandi flugvallar
Flugverndarþjónusta hlutaðeigandi flugvallar
Heilbrigðisstofnun umdæmis - viðbragðsstjórn
Landsstjórn björgunarsveita - bakvakt
Landspítali - vakthafandi smitsjúkdómalæknir
Landspítali - bráðasvið, stjórnendur
Lögregla hlutaðeigandi flugvallar
LHG - stjórnstöð/JRCC
LHG - loftfar, þyrlur, varðskip, skýli 831 á KEF
RKÍ - neyðarmiðstöð
RNSA - flugslys
Ríkislögreglustjórinn - kennslanefnd ID nefnd
Ríkislögreglustjórinn - fjarskiptamiðstöð
Samgöngustofa - flugslys
Sjúkraflutningar í umdæmi hlutaðeigandi flugvallar
Sóttvarnalæknir
SST
Umdæmis- og svæðislæknir sóttvarna (umd/svæ-SVL) fyrir hlutaðeigandi flugvöll
Tollgæsla hlutaðeigandi flugvallar
Umhverfisstofnun - útkallshópur

- SST sér um að kalla til eftirtalda aðila eftir þörfum hverju sinni í samstarfi við AST

## 4.4 Tengsl við aðrar áætlanir

Hægt er að virkja aðrar áætlanir samhliða eða í kjölfar virkjunar viðbragðsáætlunar sóttvarna fyrir alþjóðaflugvelli. Sem dæmi má nefna að ef upp kemur slæm inflúensa á flugvelli má virkja Landsáætlun vegna inflúensufaraldurs samhliða virkjun viðbragðsáætlunar sóttvarna fyrir viðkomandi flugvöll. Við virkjun fleiri áætlana þá er tekin formleg ákvörðun þar að lútandi og ábyrgð færast um leið yfir á þá aðila sem eru skráðir ábyrgðaraðilar samkvæmt hverri áætlun fyrir sig.

### Sóttvarnaáætlanir og leiðbeiningar vegna sóttvarna

Áætlanir og leiðbeiningar vegna sóttvarna eru vistaðar á [vef Embættis landlæknis](#). Ef aðilar verða varir við slæm inflúensutilfelli á alþjóðaflugvelli má virkja [Landsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu](#), svo dæmi sé tekið. Fyrirliggjandi er sóttvarnaáætlun fyrir skip í lögsögu Íslands og fyrir stærri hafnir. Sóttvarnalæknir miðlar leiðbeiningum er varða viðbrögð við smitsjúkdómum.

### Neyðaráætlun vegna flugverndar

Ef um ólögmætan atburð er að ræða má virkja þessa áætlun og áætlun vegna flugverndar samtímis. Sama stjórnkerfi er í öllum áætlunum en starfssvæði kunna að breytast og fleiri viðbragðsaðilar eru virkjaðir. Þegar um sprengjuhótun eða vopnamál er að ræða um borð í loftfari eða farþegaaðstöðu og neyðaráætlun vegna Flugverndar er virkjuð tekur aðgerðarstjóri á viðkomandi svæði ákvörðun um virkjun viðbragðsáætlunar samhliða neyðaráætlun. Ef sprengja springur eða aðrar orsakir leiða til þess að viðkomandi loftfar lendar í háska, tekur neyðarstig viðbragðsáætlunar þegar gildi og AST tekur við stjórn aðgerða nema líkur séu taldar á því að hinum meintu ólögmætu athæfum gegn loftfari og farþegum þess sé ekki lokið.

### Leiðbeiningar vegna gruns um matarborinn sjúkdóm

Matarbornir sjúkdómar geta leitt til alvarlegra veikinda. Umfang matarborinna sjúkdóma er afar breytilegt, allt frá stöku tilfellum til stærri faraldra, sem geta breiðst út samtímis í mörgum löndum. Auk þess eru einkennin misalvarleg eftir því hvaða smit- eða eiturefni valda veikindunum.

Þegar grunur vaknar um matarborinn sjúkdóm þarf að staðfesta eða útiloka þann grun. Kanna þarf hvort fjöldi tilfella er hærri en gera má ráð fyrir innan ákveðinna tímamarka og útiloka aðrar hugsanlegar skýringar á aukningunni. Hlutaðeigandi aðilar þurfa að upplýsa hvorn annan, meta hvort um sé að ræða matarborna sjúkdómshrinu og sóttvarnalæknir ber ábyrgð á faraldsfræðirannsókn ef þörf er á. Sóttvarnalæknir kallar saman stýrihóp þegar fyrsta athugun bendir til eða hefur leitt í ljós að um sé að ræða hrinu af matarbornum sjúkdómi og samvinna eykst samkvæmt [leiðbeiningum við rannsókn á matarbornum sjúkdómum](#) sem finna má á vef Embættis landlæknis og Matvælastofnunar.

### Tengsl við hópslysaáætlanir

Avd-RLS birtir [viðbragðsáætlanir vegna flugslysa](#) á vef almannavarna. Allar áætlanir innihalda sama stjórnskipulag þó viðbragðsaðilum á vettvangi geti fjölgað.


## 4.5 Afboðun ráðstafana

Ákvörðun um afboðun er tekin af SVL í samráði við RLS/Isavia og hlutaðeigandi AST.

SST sér um að tilkynna afboðunina eða breytinguna til Neyðarlínu sem sér um framkvæmd afboðunar og sendir tilkynningu þar um. Breytingar á háskastigum, eru tilkynntar á viðeigandi fjarskiptum (Tetra, VHF) til þeirra viðbragðsaðila og stofnana sem hafa verið virkjaðir.

Sóttvarnalæknir upplýsir ráðherra um afléttingu ráðstafana um leið og ákvörðun hefur verið tekin.

## 5.0 Stjórnkerfi



Mynd 5.1 Boðleiðir og stjórnkerfi í almannavarnaástandi, ógn er varðar lýðheilsu



## 5.1 Grunneiningar, hlutverk og tengingar stjórnkerfisins

### Almannavarna- og öryggismálaráð

Stefna stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum er mörkuð af almannavarna- og öryggismálaráði til þriggja ára í senn. Í almannavarna- og öryggismálastefnu stjórnvalda er gert grein fyrir ástandi og horfum í almannavarna- og öryggismálum í landinu, fjallað um áhersluatriði varðandi skipulag almannavarna- og öryggismála, forvarnastarf, nauðsynlega samhæfingu á efni viðbragðsáætlana og starfsemi opinberra stofnana á því sviði, nauðsynlegar birgðir til þess að tryggja lífsafkomu þjóðarinnar á hættutímum, endurreisn eftir hamfarir og aðrar aðgerðir sem ráðið telur nauðsynlegar.

Í ráðinu eiga sæti ráðherra sem fer með málefni almannavarna- og öryggismálaráðs og er hann jafnframt formaður þess, ráðherra sem fer með málefni almannöryggis, ráðherra sem fer með málefni mengunarvarna, heilbrigðisráðherra, ráðherra sem fer með orkumál og ráðherra sem fer með varnarmál og samskipti við önnur ríki.

Þar að auki er þeim ráðherra sem fer með málefni almannavarna- og öryggismálaráðs heimilt að kveðja allt að tvo ráðherra til setu í ráðinu í senn vegna sérstakra mála. Einnig eiga ráðuneytisstjórar þeirra ráðuneyta sem fara með málaflokka skv. 1. mgr. sæti í almannavarna- og öryggismálaráði.

*Þá eiga einnig sæti í ráðinu:*

1. Ríkislögreglustjóri, forstjóri Landhelgisgæslu Íslands, forstjóri Pósts- og fjarskiptastofnunar, forstjóri Samgöngustofu og forstjóri Vegagerðarinnar.
2. Veðurstofustjóri, forstjóri Mannvirkjastofnunar og forstjóri Umhverfisstofnunar.
3. Landlæknir, sóttvarnalæknir og forstjóri Geislavarna ríkisins.
4. Orkumálastjóri og forstjóri Landsnets.
5. Fulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar.
6. Fulltrúi Rauða krossins á Íslandi.
7. Fulltrúi samræmdrar neyðarsvörunar.

Að auki skipar sá ráðherra sem fer með málefni almannavarna- og öryggismálaráðs tvo fulltrúa til setu í ráðinu samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

### Samband íslenskra sveitarfélaga

Samband íslenskra sveitarfélaga er sameiginlegur málsvari sveitarfélaga í landinu. Sveitarstjórnir fara með almannavarnir í héraði í samvinnu við ríkisvaldið. Sveitarfélögin reka heilbrigðiseftirlit skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Heilbrigðiseftirlitssvæðin eru 10 talsins og hver heilbrigðisnefnd vinnur fyrir fleiri sveitarfélög, nema að heilbrigðisnefnd Reykjavíkur vinnur eingöngu fyrir Reykjavíkurborg. Heilbrigðisnefndir hafa með sér samstarf á vettvangi Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi.

Rekstur slökkviliða er einnig á forræði sveitarfélaga. Atvinnuslökkvilið eru fjögur og hjá þeim er sólarhringsvakt. Þau eru staðsett á Suðurnesjum, á Akureyri, í Fjarðabyggð og á höfuðborgarsvæðinu. Þau sinna meðal annars viðbúnaði við mengunaróhöppum á landi, atvinnuslökkvilið geta ekki yfirtekið hlutverk annarra slökkviliða nema um það sé gerður skriflegur samningur.

## Flugvirkarráð

Flugvirkarráð er skipað af ráðherra til þriggja ára í senn í samræmi við lög um loftferðir nr. 60/1998 og reglugerð um flugvirkt nr. 1025/2012. Í reglugerðinni, viðauka 8.5 er að finna upplýsingar um kröfur til heilbrigðisyrivalda varðandi undirbúning og viðbrögð við lýðheilsuógnnum innan flugþjónustunnar.

*Hlutverk flugvirkarráðs er meðal annars;*

- a) að vera samráðsvettvangur opinberra aðila og annarra um framkvæmd, samvinnu, samhæfingu og áætlanagerð á sviði flugvirktar,
- b) gerð tillagana um breytingar á reglum eða löggjöf sem miða að aukinni samhæfingu og skilvirkni við framkvæmd flugvirktar eins og tilefni er til og
- c) annað sem ráðherra felur því. Í 3. mgr. 57. gr. e segir að ráðherra skipi tvo fulltrúa í flugvirkarráð án tilnefningar. Skal annar vera formaður en hinn varaformaður. Aðra fulltrúa í ráðinu skipar ráðherra úr hópi opinberra aðila og annarra sem koma að afgreiðslu eða þjónustu við loftför, farþega, farangur og farm eftir tilnefningu.

*Flugvirkarráð er þannig skipað:*

- Formaður, tilnefndur af samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra
- Varaformaður, tilnefndur af samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra
- Fulltrúi Matvælastofnunar
- Fulltrúi Isavia
- Fulltrúi Samgöngustofu
- Sóttvarnalæknir
- Fulltrúi Útlendingastofnunar
- Fulltrúi Tollstjóra Íslands
- Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, tilnefndur af Ríkislögreglustjóra
- Fulltrúi Þjóðskrár Íslands

*Frekari upplýsingar um flugvirkt má finna á [vef Samgöngustofu](#)*

## Stjórnskipan almannavarna

Ríkislögreglustjóri annast málefni almannavarna í umboði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og starfrækir almannavarnadeild, sem vinnur að verkefnum á sviði almannavarna, en ríkið fer með almannavarnir á landinu öllu, hvort heldur sem er á landi, í lofti eða á sjó. Ríkislögreglustjóri hefur umsjón með að ráðstafanir séu gerðar í samræmi við stefnu stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum í samræmi við lög um almannavarnir nr. 82/2008. Samkvæmt 11. grein sömu laga er það hlutverk lögreglustjóra að fara með stjórn almannavarna þegar almannavarnaástand ríkir, hver í sínu umdæmi. Landinu er skipt upp í níu lögregluumdæmi samkvæmt reglugerð nr. 1150/2014. Við atvik í flugi/á flugvelli er varðar lýðheilsuógn er gert ráð fyrir náinni samvinnu hlutaðeigandi lögreglustjóra og umdæmis- eða svæðislæknis sóttvarna, sjá töflu 5.1.

<b>Samhæfingarstöðin (SST)</b> <b>Staðsetning og skipan:</b> Sjá kafla 5.2 á bls. 27. SVL og avd-RLS eru stjórnendur SST ef atvik er á landi en samhæfing á sjó er á ábyrgð LHG. Verkefni SST eru að halda uppi virku sambandi við AST umdæma, skipuleggja stuðning, útvega bjargir samkvæmt beiðni og stýra heildarsamhæfingu. SST myndar samband við þær ríkisstofnanir sem veita aðstoð, heilbrigðisstofnanir og erlendar stofnanir. SST virkjar samráðshóp áfallahjálpar. SST vinnur samkvæmt SÁBF verkþáttaskipuriti.			
<b>Aðgerðastjórnir (AST)</b> <b>Staðsetning og skipan:</b> Sjá kafla 5.3 á bls. 28. Stjórn aðgerða á sjó er á forræði LHG. Lögreglustjóri og umdæmis-/svæðislæknir sóttvarna eru aðgerðastjórnendur innan umdæma við sóttmengun sem talin er geta valdið lýðheilsuógn. AST umdæma/stjórnstöð LHG starfa náið með SST, heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga, flugrekendum er um ræðir og aðilum sem tengjast eða geta aðstoðað á einhvern hátt. Verkefni AST eru stjórn, samhæfing, upplýsingaöflun og upplýsingamiðlun. AST tryggir hnökralaus samskipti við alla hlutaðeigandi. AST vinnur samkvæmt SÁBF verkþáttaskipuriti.			
<b>Vettvangsstjórn (VST)</b> <b>Staðsetning og skipan:</b> Sjá kafla 5.5 á bls. 30. Stjórn og samhæfing á vettvangi er í höndum vettvangsstjóra sem er tilnefndur af lögreglustjóra. Samhæfing á sjó er í höndum LHG. VST er bakland verkþáttastjóra. Verkefni VST eru heildarstjórn og samhæfing aðgerða á vettvangi í samræmi við verkþáttaskipuritið SÁBF samkvæmt umboði lögreglustjóra eða LHG (ef atvik er á sjó) og skráir aðgerðir á vettvangi. VST tryggir hnökralaus samskipti/fjarskipti við alla aðila innan skilgreinds vettvangs.			
<b>Verkþáttastjórar</b> Stýra og samhæfa verkþætti á vettvangi í samvinnu við VST.			
Aðhlyningarstjóri  Umdæmis- /svæðislæknir sóttvarna tilnefnir	Gæslustjóri  Lögreglustjóri umdæmis tilnefnir	Flutningastjóri  Svæðisstjórn SL /rekstraraðili sjúkraflutninga tilnefnir	Björgunarstjóri - SÓTT  Slökkviliðsstjóri sveitarfélags tilnefnir

Tafla 5.1 Skipulag almannavarna, SST, AST og VST. Verkefni á hverju stjórnstigi við lýðheilsuógn um borð í loftfari eða á alþjóðaflugvelli

## 5.2 Samhæfingarstöðin (SST)

Við virkjun þessarar áætlunar fer sóttvarnalæknir eða staðgengill hans með stjórn sóttvarnaráðstafana og situr hann í áhöfn SST sem sérfræðingur.

SST stýrir heildarsamhæfingu vegna aðgerða, heldur virku sambandi við AST og skipuleggur stuðning við umdæmin. Kallar til frekari bjargir samkvæmt beiðni hverju sinni.

Sóttvarnalæknir gefur leyfi fyrir flutningi á veikum einstaklingum á milli sóttvarnaumdæma.

### **Helstu samskipti SST eftir virkjun áætlunar á neyðarstigi eru við eftirfarandi:**

- Höfuðstöðvar þeirra viðbragðsaðila sem eru við störf.
- Þær heilbrigðisstofnanir sem taka á móti veikum eða útsettum en einkennalausum einstaklingum.
- Þær stofnanir/fyrirtæki/félagasamtök sem veita aðstoð.
- Erlendar björgunarmiðstöðvar, ef svo ber undir.

### 5.3 Aðgerðastjórn (AST)

Stjórn aðgerða í almannavarnaástandi er í höndum lögreglustjóra umdæmis. Hann situr í AST ásamt fulltrúum viðbragðsaðila. Við virkjun þessarar áætlunar fer umdæmislæknir sóttvarna eða fulltrúi hans með stjórn sóttvarnaráðstafana. Lögreglustjóri tilnefnir vettvangsstjóra sem stjórnar og samhæfir á vettvangi í samvinnu við fulltrúa heilbrigðisþjónustu á vettvangi. AST lögregluumdæma gera eigin gátlista er varðar viðbrögð við atviki um borð í loftfar/á alþjóðaflugvelli er valdið getur lýðheilusógn.

#### AST er þannig skipuð:

- Lögreglustjóri umdæmis eða fulltrúi hans.
- Umdæmis- eða svæðislæknir sóttvarna (umd/svæ-SVL).
- Yfirlögregluþjónn og aðstoðaryfirlögregluþjónn.
- Fulltrúi hlutaðeigandi almannavarnanefndar.
- Fulltrúi flugvallarþjónustu Isavia.
- Fulltrúi flugvallarstjóra.
- Fulltrúi heilbrigðisstofnunar/sjúkraflutninga.
- Hlutaðeigandi slökkviliðsstjóri.
- Fulltrúi Rauða krossins á Íslandi.
- Fulltrúi hlutaðeigandi svæðisstjórnar SL.
- Fulltrúi hlutaðeigandi flugrekanda.

AST skal skipa fólk í skráningu, símsvörun, fjarskipti, upplýsingamiðlun/öflun upplýsinga, rakningu smitleiða og fleiri verkefni eftir þörf hverju sinni. AST myndar tengsl við umboðsmann skips/skipa.


#### Helstu verkefni AST:

- Stjórn, samhæfing og forgangsröðun heildaraðgerða innan aðgerðasvæðisins.
- Vinna samkvæmt verkþáttaskipuriti AST á bls. 29. Víkja má frá skipuritinu ef þörf er talin þar á.
- Endurtekið áhættumat, sjá töflu 3.1.
- Faraldsfræðirannsókn og rakning smitleiða með upplýsingaöflun í samvinnu við SVL.
- Tryggja grundvallarsmitgát.
- Samskipti við vettvangsstjóra.
- Samskipti við flugrekendur, við flugturn, ATC og við heilbrigðisstofnanir innan umdæmis.
- Virkjun starfseininga innan umdæmisins, umfram áætlun þessa.
- Heildarskipulag fjarskipta og annarra samskipta innan aðgerðasvæðisins.
- Samskipti við Samhæfingarstöðina, SVL og aðrar stofnanir/fyrirtæki eftir atvikum.
- Samskipti við fjölmiðla samkvæmt talnótum SVL.
- Tryggja, í samráði við flugrekendur, að farþegalisti sé aðgengilegur áhöfn AST og upplýsingar réttar.
- Upplýsa flugvallarstjórn, starfsfólk á flugvelli og aðra hlutaðeigandi.

Flugvöllur	Aðal-aðsetur AST	Vara-aðsetur AST
AEY – flugvöllur Akureyri	Lögreglustöðin, Þórunnarstræti 138 600 Akureyri	Samkvæmt ákvörðun AST
EGS – flugvöllur Egilsstöðum	Björgunarsveitin Hérað, Miðási 1, 700 Egilsstöðum	Lögreglan á Egilsstöðum, Lyngási 15, 700 Egilsstöðum
KEF – flugvöllur Keflavík	Fálkavöllur 19, KEF, 235 Reykjanesbæ,	Aðalskrifstofa KEF, bygging 795, Keflavíkflugvelli, 235 Reykjanesbæ
RKV – flugvöllur Reykjavík	Stjórnstöð AST, Skógarhlíð 14 105 Reykjavík	Lögreglustöðin, Hverfisgötu 113 105 Reykjavík

Tafla 5.2 Aðsetur AST við alþjóðaflugvelli Íslands

## 5.4 Verkpáttaskipurit aðgerðastjórnar



Mynd 5.2. Verkpáttaskipurit AST

## 5.5 Vettvangsstjórn

Stjórn og samhæfing á vettvangi er í höndum vettvangsstjóra sem er tilnefndur af lögreglustjóra. Vettvangsstjóri kemur að jafnaði úr röðum lögreglunnar. Hann skal hafa þjálfun og reynslu af vettvangsstjórn.

**Vettvangsstjórn (VST) á eða við alþjóðaflugvöll er skipuð fulltrúum frá:**

- Lögreglunni
- Umdæmislækni sóttvarna
- Flugvallarþjónustu flugvallar
- Slökkviliði flugvallar


Vettvangsstjóri skal skipta verkefnum milli aðila í vettvangsstjórn eftir aðstæðum hverju sinni.

**Mikilvæg verkefni VST:**

- Heildarstjórn og samhæfing aðgerða á vettvangi er samkvæmt SÁBF kerfinu.
- Vinna samkvæmt verkþáttaskipuriti VST bls. 31. Víkja má frá skipuritinu ef þörf er talin þar á.
- Vettvangsstjórn skal skipa fólk í skráningu, fjarskipti og önnur störf eftir þörfum.
- Sá sem er skipaður í verkþáttinn *Framkvæmd* skal vera í fjarskiptasambandi við verkþáttastjórana (sjá næsta kafla) og þarf að hafa bíl til umráða til þess að fara á milli vettvangsstjórnarinnar og hinna ýmsu starfssvæða.
- Sjá um framkvæmd á rakningu smitleiða – sjá til þess að þeir farþegar sem þess þurfa fylli út eyðublaðið: [Public Health Passenger Locator Card](#), sjá viðauka 13.3.
- Aðstoða við faraldsfræðirannsókn eftir þörfum.
- Tryggja grundvallarsmitgát.
- Að skipuleggja fjarskipti á vettvangi.
- Að tryggja fjarskipti við aðgerðastjórn.

Flugvöllur	Aðal - aðsetur VST	Vara - aðsetur VST
AEY – flugvöllur Akureyri	Lögreglubifreið VST á Norðurlandi.	Önnur hæð, þjónustuhús Isavia.
EGS – flugvöllur Egilsstöðum	Eftir aðstæðum.	Eftir aðstæðum.
KEF – flugvöllur Keflavík	Í vettvangsstjórabifreið almannavarna Suðurnesja sem staðsett verður við byggingu 831, flugskýli LHG. Flugvallarþjónustudeild KEF kemur með bílinn þangað.	Stjórnstöðvarbifreið svæðisstjórnar björgunarsveita á svæði 1 (Höfuðborgarsvæðið).
RKV – flugvöllur Reykjavík	Stjórnstöðvarbifreið svæðisstjórnar björgunarsveita á svæði 1.	Aðstaða flugvallarþjónustu Isavia, þjónustuhúsi.

Tafla 5.3 Aðsetur VST við alþjóðaflugvelli Íslands



Mynd 5.3 Verkpáttaskipurit VST



## 5.7 Verkpáttastjórar

Á hverju starfssvæði og við hvern verkþátt starfa margir viðbragðsaðilar. Verkpáttastjórar eru millistjórnendur sem stýra og samhæfa verkþætti á vettvangi í umboði vettvangsstjóra.

Verkpáttastjórar	Aðilar sem skipa verkþáttastjóra	Vinnusvæði
Aðhlyningarstjóri	Umdæmislæknir sóttvarna	Við söfnunarsvæði SSS
Gæslustjóri	Lögregla umdæmis	Hreyfanlegur
Flutningastjóri	Svæðisstjórn björgunarveita/ Rekstraraðili sjúkraflutninga	Hreyfanlegur
Björgunarstjóri SÓTT	Fulltrúi slökkviliðs	Hreyfanlegur

**Fyrstu verk allra verkþáttastjóra eru að:**

- Hafa samband við VST og fá fyrirmæli.
- Fá yfirsýn yfir bjargir (mannskap og tæki) sem koma og meta hvort þær nægja.
- Skipa undirstjórnendur og miðla verkefnum.

**Aðhlyningarstjóri** stjórnar og samhæfir þjónustu við þolendur.

Helstu verkefni:

- Undirbúa söfnunarsvæðið fyrir móttöku.
- Setja upp skoðunaraðstöðu fyrir sýkta.
- Sinna bráðaflokkun, áverkamati og umönnun sýktra.
- Hafa umsjón með skráningu, þar með talið [Public Health Passenger Locator Card](#), (viðauki 13.3) og önnur skráning eftir þörfum.
- Tryggja fjarskipti við fulltrúa heilbrigðismála í AST og SST.

**Gæslustjóri** stjórnar og samhæfir umferðarstjórn á vettvangi og verndun og gæslu allra starfssvæða á vettvangi.

Helstu verkefni:

- Setja upp innri lokun við loftfar eða í flugstöð.
- Tryggja að fyrirfram ákveðnir lokunarpóstar séu uppsettir. Vernda starfssvæði.
- Ræða við VST um þörf á umferðarstjórnun og framkvæmd hennar.
- Setja upp söfnunarsvæði látinna ef þarf.
- Hafa umsjón með talningu sýktra og setja upp skipulag fyrir talningu.
- Hafa tiltækt [Public Health Passenger Locator Card](#). sjá viðauka 13.3.
- Skipulag aksturs innan flugvallarsvæðis er á höndum flugverndarstarfsmanna Isavia í samráði við flug-umferðarstjóra og gæslustjóra.

**Flutningastjóri** stjórnar og samhæfir starfsemi á móttökustað, biðsvæðum og nýtingu flutningatækja. Hann hefur umsjón með framkvæmd sjúkraflutninga.

Helstu verkefni:

- Skrá inn allar bjargir og hafa yfirsýn yfir þær.
- Ræða við VST um flutningsþörf og flutningsleiðir.
- Útvega bíla í flutninga að SSS.
- Flugverndarstarfsmenn veita þeim sem aka innan svæðis upplýsingar um akstursleiðir.

**Björgunarstjóri SÓTT** stýrir uppsetningu sóttkvíar, viðbrögðum við bráðamengun og bráðaflokkun sýktra ef svo ber undir. Innan verkþáttarins starfar heilbrigðisstarfsfólk, lögregla og slökkviliðsmenn.

Helstu verkefni:

- Staðsetja þolendur.
- Bráðaflokkun farþega eða fólks í flugstöð eftir atvikum.
- Bera ábyrgð á uppsetningu sóttkvíar sé þess þörf.
- Afmarka sýkt svæði og hreinsa upp bráðamengun í samráði við flugrekanda/flugvirkja loftfars.

## 5.8 Stjórnskipulag vegna sóttvarna

### Sóttvarnalæknir

Við Embætti landlæknis starfar sóttvarnalæknir sem ber ábyrgð á sóttvörnum í landinu samkvæmt [lögum nr. 19/1997](#) undir yfirstjórn ráðherra. Hann skipuleggur og samræmir sóttvarnir og ónæmis-aðgerðir um land allt, m.a. með útgáfu leiðbeininga um viðbrögð við farsóttum. Ef tilkynningar til sóttvarnalæknis um smitsjúkdóma benda til að farsótt sé yfirvofandi skal hann þegar í stað gera heilbrigðisráðherra viðvart. Ráðherra ákveður, að tillögu sóttvarnalæknis, hvort grípa skuli til opinberra sóttvarnaráðstafana, svo sem ónæmisaðgerða, einangrunar smitaðra, sóttthreinsunar, afkvíunar byggðarlaga eða landsins alls og takmörkunar á ferðafrelsi. Sóttvarnalæknir getur beitt slíkum vörnum til bráðabirgða án þess að leita heimildar fyrirfram ef hann telur að hvers konar töf sé hættuleg, en hann skal upplýsa ráðherra jafnskjótt um ráðstafanir sínar. Heilbrigðisráðherra skipar sjö manna ráð, [sóttvarnaráð](#), til fjögurra ára í senn. Þar eiga sæti sérfræðingar á ýmsum sviðum smitsjúkdóma og ráðherra skipar formann ráðsins. Sóttvarnaráð mótastefnu í forvörnum og er heilbrigðisyfirvöldum til ráðgjafar um aðgerðir til varnar útbreiðslu smitsjúkdóma. Ráðið hefur aðsetur hjá Embætti landlæknis og er sóttvarnalæknir ritari ráðsins. Sóttvarnalæknir er landstengiliður (*National Focal Point*) við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina og sem slíkur fær hann upplýsingar frá WHO ef hætta er á að lýðheilsuógnir af einhverjum toga séu yfirvofandi og ber honum að miðla þeim upplýsingum til þeirra stofnana sem við á. Á sama hátt miðlar hann upplýsingum um heilsufarsógnir sem verða á eða við Ísland sem geta haft áhrif á lýðheilsu á milli landa. Tímamörk eru á þessum tilkynningum.

#### Tímamörk vegna tilkynningar á atviki:

- 24 klst. eru gefnar til að meta atvik eftir að ríkisstjórn Íslands hefur verið gert viðvart.
- 24 klst. eru gefnar til að tilkynna um mögulega lýðheilsuógn ef það er talið nauðsynlegt.
- 24 klst. eru gefnar til að tilkynna hugsanlega alþjóða lýðheilsuógn utan við eigin landamæri.

#### Tímamörk viðbragða við beiðnum/ábendingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO):

- 24 klst. eru gefnar til að staðfesta móttöku á beiðni frá WHO.
- 24 klst. eru gefnar til að safna lýðheilsuupplýsingum sem WHO óskar eftir.
- 24 klst. eru gefnar til að ná samkomulagi við yfirmann WHO um hvort atvik sé alþjóðleg lýðheilsuógn áður en það er sent áfram til bráðanefndar IHR, sem metur stöðu atviksins.

### Umdæmislæknar sóttvarna

Samkvæmt ákvörðun heilbrigðisráðherra ([reglugerð nr. 387/2015](#)) er Íslandi skipt upp í sjö sóttvarna-umdæmi. Ráðherra tilnefnir yfirlækna heilsugæslustöðva samkvæmt tillögu sóttvarnalæknis sem skulu vera ábyrgir fyrir sóttvörnum í sínu sóttvarnaumdæmi undir stjórn sóttvarnalæknis og nefnast þeir *umdæmislæknar sóttvarna*. Einungis einn yfirlæknir er tilnefndur sóttvarnalæknir hvers umdæmis og ber hann ábyrgð á framkvæmd sóttvarna í umdæminu í samvinnu við lögreglustjóra umdæmisins. Heimilt er samkvæmt sömu reglugerð að tilnefna fleiri en einn yfirlækni í hverju sóttvarnaumdæmi til að sinna sóttvörnum í samvinnu við lögreglustjóra svæða og nefnast þeir *svæðislæknar sóttvarna*. Þetta er gert í þeim tilgangi að aðlaga stjórnskipulag sóttvarna við lögregluumdæmi landsins sem eru níu talsins. Umdæmis- og svæðislæknar njóta aðstoðar lögregluyfirvalda við framkvæmd sóttvarna.

### Stjórnskipuð samstarfsnefnd um sóttvarnir

Heilbrigðisráðherra skipar í samstarfsnefnd um sóttvarnir (SSUS), en nefndin aflar nauðsynlegra gagna og hefur yfirumsjón með nauðsynlegum aðgerðum til að meta og uppræta smithættu eða hættu sem

stafar af dýrum, matvælum, starfsemi, vatni, skolplögnum, loftræstingu eða öðru sem getur dreift smitnæmum sjúkdómsvöldum, eiturefnum eða geislavirkum efnum sem ógna lýðheilsu. Í nefndinni sitja sóttvarnalæknir sem formaður, fulltrúar Matvælastofnunar (MAST), Geislavarna ríkisins (GR) og Umhverfisstofnunar (UST). Nefndinni er heimill aðgangur að nauðsynlegum gögnum og stöðum sem hún telur nauðsynlegt að skoða og getur fengið til þess aðstoð lögreglu ef með þarf. Nefndin gefur þeim sem hafa eftirlit með dýrum, matvælum og umhverfi fyrirmæli um að grípa án tafar til nauðsynlegra aðgerða til að uppræta hættu af völdum smits, eiturefna eða geislavirkra efna.

## 5.9 Rannsókn vegna atviks

Rannsóknarpátturinn heyrir undir framkvæmdir VST og getur verið framkvæmdur á vettvangi með viðtölum og upplýsingaöflun hjá farþegum en einnig í AST sem hluti af samræmdri rannsókn utan vettvangs. Ef andlát verður fer ákveðin rannsókn í gang. Læknir þarf í öllum tilfellum að meta hvort andlátið sé talið af eðlilegum orsökum og ef svo er þá má flytja líkið af vettvangi. Annars þarf að bíða frekari fyrirmæla.

## 5.10 Loftbrú

Eftir að Neyðarlínan hefur boðað út skv. boðunaráætlun er SST mönnum á gulu og rauðu. SST leitar m.a. eftir upplýsingum frá AST um þörf á björgum og hvort flytja þurfi veika frá vettvangi. SST virkjar loftbrú þegar á þarf að halda (loftför og þyrlur). Þegar loftbrú er komin í gang sér fulltrúi Isavia í SST um samskipti við loftför í gegnum flugstjórn og flugturn viðkomandi flugvallar. Flugturninn tilkynnir AST um brottfarir og komur loftfara og fulltrúi Isavia í SST sér um samskipti vegna loftferða og miðlar upplýsingum til stjórnanda í SST.

## 5.11 Fjölmiðlar

Vönduð upplýsingamiðlun er mikilvæg þegar aðstæður skapast sem hugsanlega ógna lýðheilsu. Upplýsingum skal miðlað á skýran og markvissan hátt. Atvik getur varðað fáa en atvik getur verið það stórt að allt samfélagið bíður skaða. Óvönduð upplýsingamiðlun getur kallað fram óþarfa skelfingu.

Sóttvarnalæknir (SVL) eða fulltrúi hans, ásamt hlutaðeigandi lögreglustjóra stýra upplýsingamiðlun til fjölmiðla. Starfsmenn SVL stýra upplýsingamiðlun til farþega og starfsfólks ásamt lögreglustjóra og SVL gerir eigin áætlun um fjölmiðlasamskipti í hættuástandi. Áætlunin getur verið í formi gátlista þar sem fram komi: Einkunnarorð, ábyrgð, skilgreindir upplýsingafulltrúar, helstu verkefni og verkaskipting, tenglisti með nöfnum, símanúmerum og netföngum viðbragðsaðila, aðferðir til miðlunar á upplýsingum. Þá verður að upplýsa erlenda fjölmiðla, stjórnvöld og alþjóðastofnanir eins og kostur er þegar afleiðingar hamfara geta haft áhrif út fyrir landsteinana.

Norsk almannavarnayfirvöld hafa gefið út vandaðan leiðarvísi, [Risiko- og krisekommunikasjon, 2014](#) er varðar upplýsingamiðlun í hamförum.

**Meginstarfseiningar sem koma að samskiptum við fjölmiðla er varðar upplýsingamiðlun vegna hugsanlegra lýðheilsuóna á alþjóðaflugvöllum:**

- Sóttvarnalæknir (stjórnun fjölmiðlasamskipta) og umdæmis- eða svæðislæknir sóttvarna.
- Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra/lögreglustjóri umdæmis.
- Samhæfingarstöðin (samhæfing aðgerða) og útgáfa fréttatilkynninga.

- Isavia (yfirstjórn flugvalla og flugleiðsögu).
- Flugrekandi (eigandi loftfarsins).
- Aðrir sem málið varðar.

Upplýsinga- og fjölmiðlateymi ríkislögreglustjóra er starfrækt við Samhæfingarstöð almannavarna þegar þess er þörf. Í teyminu eiga sæti, auk fulltrúa ríkislögreglustjóra, upplýsingafulltrúar lykilstofnana eins og Rauða krossins, ráðuneyta og stofnana ríkisins og hlutaðeigandi sveitarstjórna, allt eftir því um hvers konar atburði er að ræða. Hlutverk teymisins er að koma á framfæri mikilvægum upplýsingum til fjölmiðla og almennings og skulu ráðuneyti leita til þess um ráðgjöf við miðlun vegna opinberra upplýsinga og fréttatvívunings. Einnig veitir teymið fjölmiðlafólki aðstoð við að skipuleggja störf sín og lætur þeim í té gögn og ráðleggingar um hættusvæði o.fl. Eftir eðli atburða skal koma upp útstöð í nágrenni við vettvang sé þess kostur. Einnig er það hlutverk teymisins að tryggja upplýsingaflæði til viðbragðsaðila, ríkisstjórnar, ráðuneytisstjóra og stofnana er málið snertir. Markmiðið er að tryggja samræmda og skilvirka miðlun réttra upplýsinga frá stjórnkerfinu og sérfræðistofnunum.

Einnig skal Ríkislögreglustjóri nýta aðra samfélagsmiðla í samskiptum við almenning eftir því sem best hentar hverju sinni. Nauðsynlegt er að almenningur viti af því að viðbragðsaðgerðum hafi verið hrint í framkvæmd og fái réttar fréttir og upplýsingar frá ábyrgum aðilum. Við fréttatvívun skal sérstaklega hugað að hópum og einstaklingum sem ekki eiga auðvelt með að nálgast upplýsingar.

Sjá nánar í [stefnu almannavarna – öryggismálaráðs ríkisins 2015–2017](#).

Stjórn SST tekur ákvörðun í samráði við sóttvarnalækni um boðun fjölmiðlateymis SST sem tekur þá við stjórn upplýsingamiðlunar af gangi mála. Fjölmiðlateymi SST hefur aðsetur í Björgunarmiðstöðinni, Skógarhlíð 14, Reykjavík og gerir tillögu að áætlun vegna upplýsingamiðlunar. Í áætluninni komi hverjir þurfi helst á upplýsingum að halda, hvaða upplýsingar eru mikilvægar og hver sé talsmaður. Einnig besta tímasetning upplýsingamiðlunar og hvernig best sé að miðla upplýsingum (útvarp, sjónvarp, vefmiðlar, samfélagsmiðlar, dagblöð, annað). Fjórar meginreglur viðbúnaðar gilda um fjölmiðla-samskipti, sjá orðskýringar á bls. 7.

#### **Helstu verkefni vegna upplýsingamiðlunar:**

- Eftir atvikum skal senda fréttatilkynningu til fjölmiðla og síðan reglulega eftir því sem þurfa þykir.
- Tilnefna skal einn tengilið við fjölmiðla.
- Ákvarða skal fastan tíma til að senda út upplýsingar um stöðu mála.
- Sé þess kostur skal ákveða stað sem starfmönnum fjölmiðla stendur til boða og viðbragðsaðilar miðla til þeirra upplýsingum (fjölmiðlasetur).

**Aðgengi að vettvangi:** AST/lögreglustjóri tekur ákvörðun um aðgengi fjölmiðla að vettvangi í samráði við umdæmislækni sóttvarna, SVL og aðra hlutaðeigandi. Fjölmiðlar þurfa að auki heimild flugrekanda til að fara um borð í loftfar.

## 6.0 Starfssvæði

Í þessum kafla er fjallað um starfssvæðin sem þarf að skipuleggja þegar tekist er á við atvik sem áætlunin tekur til. Það ræðst af umfangi atviks hvort þörf er á að virkja öll starfssvæðin. Engu að síður þarf að gera ráð fyrir þeim í skipulaginu og frekar að virkja þau frá upphafi og síðan að loka þeim ef ekki reynist þörf fyrir þau en að ætla að ákveða í miðri aðgerð hvað á að virkja og hvað ekki. Staðsetningar eru breytilegar eftir því hvort tilfellin eru um borð í loftfari eða á flugvelli/flugstöð.

Einnig er hér fjallað um verkefni og lokanir sem ekki er hægt að setja niður sem ákveðið starfssvæði.

Starfssvæðum má skipta í tvo meginflokka. Söfnunarsvæði, sem ætluð eru þolendum atburðar (útsettir og sýktir og útsettir en ekki sýktir) og biðsvæði sem ætluð eru þeim björgum er bíða eftir verkefnum eða hafa lokið sínum verkefnum og bíða eftir því að vera leystar frá störfum. Um nánari skilgreiningar á starfssvæðum og verkefnum, sem nefnd eru í þessum kafla, vísast til kennslurits almannavarna í vettvangsstjórn. Í flestum tilfellum er um að ræða sömu söfnunar- og biðsvæði og eru í Flugslysa-áætlunum flugvalla.

Nánari upplýsingar er að finna í töflu 6.1 hér fyrir neðan.

### 6.1 Talning/skráning þolenda

Eyðublaðið [Public Health Passenger Locator Card](#) er notað við rakningu smitleiða (viðauki 13.3).

Lögreglan tekur við útfylltum eyðublöðum á vettvangi og afhendir þau umdæmislækni sóttvarna sem ber ábyrgð á að skila þeim til sóttvarnalæknis án tafar. Ef þolendur eru fáir dugar að nota þetta eyðublað og þarf ekki að grípa til bráðaflokkunar.

Ef þolendur eru margir, þá er einnig notast við kerfi **bráðaflokkunar** en bráðaflokkunartöskur eru staðsettar í farartækjum viðbragðsaðila (viðauki 13.4). Bráðaflokkun gefur yfirsýn yfir fjölda þolenda og ástand þeirra.

Svæði	Skráning
SSÚ	Þar fer fram bráðaflokkun og þar fer fram talning á þolendum. Niðurstaða bráðaflokkunar gefur fyrstu yfirsýn yfir fjölda og ástand útsettra (þolenda) á vettvangi. Á SSÚ eru útsettir (þolendur) taldir við komu og við brottför af söfnunarsvæðinu.
SSL	Þar fer fram talning og skráning á látnum.
YL	Við brottför af vettvangi er afrifa áverkamatsins afhent lögreglu.
VST	Það er hlutverk VST að vinna úr skráningu og tryggja að staðsetning allra útsettra (þolenda) sé þekkt að aðgerð lokinni.

Tafla 6.1. Skráning/talning samkvæmt bráðaflokkun innan skipulags almannavarna.

## 6.2 Starfssvæði samkvæmt skipulagi almannavarna

Starfsemi	Starfssvæði/Kortatákn	Verkpáttastjóri	Hverjir sinna	Verkefni
Leit og björgun	<b>L og B</b> – Leit og björgun	Björgunarstjóri	Slökkvilið	Hindra frekara óhapp. Lífsbjargandi aðstoð og bráðaflokkun. Uppsetning sóttkvíar. Afmörkun svæða og þrif vegna bráðamengunar.
Gæslustörf á vettvangi, lokanir	<b>IL</b> – innri lokun <b>YL</b> – ytri lokun	Gæslustjóri	Lögreglan Björgunarsveitir	Uppsetning innri/ytri lokunar. Löggæsla og verndun vettvangs. Umferðarskipulag. Stýra umferð.
Móttökustaður bjarga	<b>MÓT</b>	Gæslustjóri	Lögregla Flugvernd	Skráning bjarga og staðsetning. Upplýsa um akstursleiðir.
Biðsvæði á vettvangi	<b>BF</b> – biðsvæði flutningatækja <b>BH</b> – biðsvæði hjálparliðs <b>BTB</b> – biðsvæði tækja og búnaðar	Flutningastjóri	Björgunarsveitir Flugvernd	Grundvallarsmitgát. Umsjón, eftirlit og virkjun hjálparliðs. Skráning tækja og flutningsgeta. Virkjun tækja og skipulag umferðar.
Söfnunarsvæði sýktra, veikir/ útsettir en án einkenna	<b>SSS</b>	Aðhlyningarstjóri	Heilbrigðisstarfsmenn Lögreglan Starfsmenn LHG Aðrir	Skoðun og meðferð. Skráning og forgangur flutnings. Hleðsla sjúkrabifreiða.
Söfnunarsvæði látinna	<b>SSL</b>	Gæslustjóri	Lögreglan Læknir ID-nefnd RLS	Kennsl. Skráning og skýrslugerð.
Lendingarsvæði fyrir þyrlur	<b>LP</b>	Gæslustjóri	Lögregla Flugvernd	Skráning tækja og flutningsgeta. Skipulag umferðar.
Talning	<b>TALNING</b>	Gæslustjóri	Lögreglan	Sjá kafla 6.1

Tafla 6.2. Upplýsingar um starfssvæði og viðbragðsaðila sem starfa á hverju svæði.

### 6.3 Starfssvæði innan Akureyrarflugvallar (AEY)

<b>Staðsetning flugvallar</b>	Akureyrarflugvöllur er staðsettur í botni Eyjafjarðar sem er u.þ.b. 65 kílómetra langur og suður frá vellinum er u.þ.b. 40 kílómetra langur dalur sem beygir til suðvesturs um 7 km innan við flugvöllinn.
<b>Aðgerðastjórnstöð (AST)</b>	Yfirstjórn aðgerða er á ábyrgð lögreglustjórans á Norðurlandi eystra. Aðgerðarstjórn er á lögreglustöðinni á Akureyri.
<b>Í AST sitja eftirfarandi eða fulltrúar sem tilnefndir eru af hlutaðeigandi</b>	<i>Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra Lögreglan Slökkvilið Akureyrar Umdæmis- eða svæðislæknir sóttvarna Svæðisstjórn björgunarsveita, svæði 11 Rauði krossinn á Akureyri Flugvallarstjóri Hagsmunaaðilar (Flugrekandi/ISAVIA/eftir atvikum) Fulltrúi almannavarnanefndar</i>
<b>AST til vara</b>	Samkvæmt ákvörðun lögreglustjóra
<b>Aðsetur vettvangsstjórnar (VST)</b>	Aðsetur VST er í vettvangstjórnarbil lögreglu og til vara á 2. hæð skrifstofu flugvallarþjónustu Isavia
<b>Í VST sitja eftirfarandi eða fulltrúar sem tilnefndir eru af hlutaðeigandi</b>	Lögreglan á Norðurlandi eystra Slökkvilið Akureyrar Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 11 Isavia
<b>Móttökustaður (MÓT) (BS)</b>	1) Á bifreiðastæði við flugsafn og Norlandair 2) Annað eftir ákvörðun vettvangsstjóra eða flutningastjóra
<b>Söfnunarsvæði útsettra (SSÚ)</b>	Vélageymsla Isavia
<b>Söfnunarsvæði látinna (SSL)</b>	Ákvörðun Gæslustjóra
<b>Söfnunarsvæði aðstandenda (SSA)</b>	Glerárkirkja
<b>Hvildaraðstaða hjálparliðs</b>	Flugstöð annarri hæð eða húsnæði flugvallarþjónustu fyrstu hæð
<b>Biðsvæði (BF/BTB/BH)</b>	1) Á bifreiðastæði við flugsafn og Norlandair 2) Annað eftir ákvörðun vettvangsstjóra eða flutningastjóra
<b>Ytra biðsvæði (YB)</b>	Ekkert

Tafla 6.3. Starfssvæði innan Akureyrarflugvallar samkvæmt skipulagi almannavarna

## 6.4 Starfssvæði innan Egilsstaðarflugvallar (EGS)

<b>Staðsetning flugvallar</b>	Við suðurenda flugbrautar liggur þjóðvegur þvert á braut, sunnan hans taka við tún. Frá norðurenda liggur vegslóði að LLZ sendi og út að Eyvindará. Engir vegir eru vestan brautar utan stutts slóða sem liggur þvert á braut að GP sendi.
<b>Aðgerðastjórnstöð (AST)</b>	Stjórnstöð almannavarnanefndar Fljótsdalshéraðs og Borgarfjarðar eystri í björgunarsveitarhúsinu, Miðási 1, Egilsstöðum
<b>Í AST sitja eftirfarandi eða fulltrúar sem tilnefndir eru af hlutaðeigandi</b>	<i>Lögreglustjórninn</i> <i>Umdæmislæknir sóttvarna</i> <i>Brunavarnir á Austurlandi</i> <i>Svæðisstjórn björgunarsveita</i> <i>Rauði krossinn</i> <i>Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA)</i> <i>Flugvallarstjóri</i> <i>Hagsmunaaðilar (flugrekandi og Isavia ef þess er kostur)</i> <i>Fulltrúi almannavarnanefndar</i>
<b>AST til vara</b>	Lögreglustöðin á Egilsstöðum, Lyngási 15, Egilsstöðum
<b>Aðsetur vettvangsstjórnar (VST)</b>	Eftir aðstæðum
<b>Í VST sitja eftirfarandi eða fulltrúar sem tilnefndir eru af hlutaðeigandi</b>	Lögreglan á Austurlandi Brunavarnir á Austurlandi Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 13 Fulltrúar flugrekanda verði því við komið Isavia
<b>Móttökustaður (MÓT) (BS)</b>	1) Á syðsta hluta flughlaðs til móts við flugskýli einkaflugmanna 2) Annað eftir ákvörðun vettvangsstjóra eða flutningastjóra
<b>Söfnunarsvæði útsettra (SSÚ)</b>	Flugstöð Egilsstaðarflugvallar
<b>Söfnunarsvæði látinna (SSL)</b>	Samkvæmt ákvörðun gæslustjóra hverju sinni
<b>Söfnunarsvæði aðstandenda (SSA)</b>	Grunnskólinn á Egilsstöðum
<b>Hvildaraðstaða hjálparliðs</b>	Samkvæmt ákvörðun AST hverju sinni
<b>Biðsvæði (BF/BTB/BH)</b>	1) Á syðsta hluta flughlaðs til móts við skýli einkaflugmanna. 2) Annað eftir ákvörðun vettvangsstjóra eða flutningastjóra hverju sinni.
<b>Ytra biðsvæði (YB)</b>	Á bílastæði austan við vélageymslu.

Tafla 6.4. Starfssvæði innan Egilsstaðarflugvallar samkvæmt skipulagi almannavarna




## 6.5 Starfssvæði innan Keflavíkurflugvallar (KEF)

<b>Staðsetning flugvallar</b>	Á Reykjanesi, 1,7 sjómíli vestur af Keflavík
<b>Aðkomuleiðir á landi</b>	Þjóðvegur nr. 41
<b>Aðgerðastjórnstöð (AST)</b>	Fálkavellir 19, 235 Keflavíkurflugvelli
<b>Í AST sitja eftirfarandi eða fulltrúar sem tilnefndir eru af hlutaðeigandi</b>	Lögreglustjórinn á Suðurnesjum Umdæmislæknir sóttvarna á Suðurnesjum Brunavarnir Suðurnesja Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 2 Rauði krossinn Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS) Flugvallarstjóri Hagsmunaaðilar (flugrekandi og Isavia ef þess er kostur) Fulltrúi almannavarnanefndar
<b>AST til vara</b>	Bygging 795 á Keflavíkurflugvelli
<b>Aðsetur vettvangsstjórnar (VST)</b>	Færanleg vettvangsstjórabifreið í eigu Almannavarnanefndar Suðurnesja
<b>Í VST sitja eftirfarandi eða fulltrúar sem tilnefndir eru af hlutaðeigandi</b>	Lögreglan á Suðurnesjum, vakthafandi aðalvarðstjóri, Vettvangsstjóri Flugvallarþjónusta Keflavíkurflugvallar, vakthafandi vaktstjóri Brunavarnir Suðurnesja Svæðisstjórn björgunarsveita - svæði 2 Isavia
<b>Móttökustaður (MÓT) (BS)</b>	Bílastæði við Háaleitishlað 10 (Gamla flugstöðin)
<b>Söfnunarsvæði útsettra (SSÚ)</b>	Bygging 831
<b>Söfnunarsvæði látinna (SSL)</b>	Bygging 831 Suðurendi
<b>Söfnunarsvæði aðstandenda (SSA)</b>	Húsnæði Rauða krossins, Smiðjuvöllum 8, 230 Reykjanesbæ
<b>Hvildaraðstaða hjálparliðs</b>	Heiðarskóli, 230 Reykjanesbæ
<b>Biðsvæði (BF/BTB/BH)</b>	Bílastæði við Háaleitishlað 10 (Gamla flugstöðin)
<b>Ytra biðsvæði (YB)</b>	Á bílastæði álversins í Straumsvík

Tafla 6.5. Starfssvæði innan Keflavíkurflugvallar samkvæmt skipulagi almannavarna

## 6.6 Starfssvæði innan Reykjavíkurflugvallar (RKV)

<b>Staðsetning flugvallar</b>	101 Reykjavík
<b>Aðkomuleiðir á landi</b>	Nauthólsvegur úr austri, Þorragata um Njarðargötu úr vestri
<b>Aðgerðastjórnstöð (AST)</b>	Skógarhlíð 14, 2. hæð, Reykjavík
<b>Í AST sitja eftirfarandi eða fulltrúar sem tilnefndir eru af hlutaðeigandi</b>	Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu Umdæmislæknir sóttvarna á höfuðborgarsvæðinu Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 1 Rauði krossinn Landspítali Flugvallarstjóri Reykjavíkurflugvallar Hagsmunaaðilar (flugrekandi og Isavia ef þess er kostur) Fulltrúi almannavarnanefndar
<b>AST til vara</b>	Lögreglustöðin, Hverfisgötu 113
<b>Aðsetur vettvangsstjórnar (VST)</b>	Stjórnstöðvarbifreið Slysavarnafélagsins Landsbjargar (Björninn)
	
<b>Í VST sitja eftirfarandi eða fulltrúar sem tilnefndir eru af hlutaðeigandi</b>	Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu Flugvallarþjónusta Reykjavíkurflugvallar Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 1 Isavia
<b>Móttökustaður (MÓT) (BS)</b>	Nauthólsvegur sunnan við Hringbraut
<b>Söfnunarsvæði útsettra (SSÚ)</b>	Vélageymsla flugvallarþjónustu
<b>Söfnunarsvæði látinna (SSL)</b>	Skýli 8, Reykjavíkurflugvelli
<b>Söfnunarsvæði aðstandenda (SSA)</b>	Menntaskólinn við Hamrahlíð, Hamrahlíð, 105 Reykjavík
<b>Hvildaraðstaða hjálparliðs</b>	Fundarsalur Flugvallarþjónustu, 2. hæð
<b>Biðsvæði (BF/BTB/BH)</b>	Athafnasvæði við flugbrautarenda 24 eða eftir ákvörðun vettvangs- og eða flutningastjóra
<b>Ytra biðsvæði (YB)</b>	1) Athafnasvæði við flugbrautarenda 24 eða eftir ákvörðun Vettvangs- og eða flutningastjóra. 2) Annað eftir ákvörðun vettvangsstjóra í samráði við flutningastjóra.

Tafla 6.6. Starfssvæði innan Reykjavíkurflugvallar samkvæmt skipulagi almannavarna

## 7.0 Áhættumat - leiðbeiningar

Sóttvarnalæknir ber ábyrgð á vöktun smitsjúkdóma og heilsufarslegra áhrifa eiturog geislavirkra efna. Hann ber einnig ábyrgð á farsóttagreiningu og áhættumati við óvænta atburði sem falla undir hans verkswið. Við óvænta atburði leggur vöktun og farsóttagreining grunn að áhættumati (sjá töflu 3.2) sem hefur stefnumótandi áhrif á aðgerðir til að bregðast við.


Sóttvarnalæknir ber því ábyrgð á framkvæmd faraldsfræðirannsóknar þegar upp koma atburðir um borð í loftfari eða á flugvelli og gerir hana í samvinnu við aðra hlutaðeigandi aðila, þ. á m. flugrekendur hlutaðeigandi HES, og aðra allt eftir eðli atburðarins hverju sinni.

Flugrekendur hafa ábyrgð við upplýsingaöflun, því þeim ber að láta sóttvarnalækni í té upplýsingar um heilsufar farþega og/eða starfsmanna. Flugrekendur halda lykilupplýsingar um m.a. heildarfjölda farþega og starfsmanna, hversu margir eru veikir og hvaða einkenni eða sjúkdóm er um að ræða.

Afla þarf mikilvægra upplýsinga um eðli og umfang atburðarins um hvaða einkennum hann veldur, um fjölda útsettra, hvort vettvangurinn sé afmarkaður eða nái yfir stærra svæði. Meta þarf hvort líkur séu á að atvikið geti haft áhrif yfir landamæri. Ekki síst þarf að meta hvort smit, eiturefni eða geislavirkni liggja að baki. Þá þarf að kanna og meta mögulegar aðgerðir til að lágmarka skaðann.

